

Apríl 2026



Endurreisn Grindavíkur

Rammaáætlun



Grindavíkurnefnd

Hverfisgötu 4a — 101 Reykjavík
grindavikurnefnd@grn.is

Endurreisn Grindavíkur — Rammaáætlun

Útgefandi: Grindavíkurnefnd
Textavinnsla: Grindavíkurnefnd
Ljósmyndir: © Lára Lind Jakobsdóttir

Apríl 2026

© 2026 – Grindavíkurnefnd

grn.is

Efnisyfirlit

Samantekt helstu tillagna og ábendinga	4
I. Inngangur	8
Bakgrunnur	8
Lagasetning og skipan Grindavíkurnefndar	9
Áform stjórnvalda um að endurreisa Grindavík	10
Erindisbréf	11
Staða jarðhræringa — sviðsmyndir Veðurstofunnar	12
II. Aðferðafræði og vinnulag	13
Virk þátttaka og samráð lykilatriði	13
Samráð við Grindvíkinga og aðra hagaðila	14
Reynsla innanlands	16
Alþjóðleg reynsla og samstarf við Alþjóðabankann	16
III. Leiðarljós og markmið endurreisnar	21
Öryggi er grunnforsenda	24
Farsæld allra Grindvíkinga í forgrunni	24
Farsæld barna	25
Seigla og samfélagsleg sátt	25
Markviss skref í uppbyggingu þjónustu	26
Sveitarfélag sem ráði við hlutverk sitt	26
Öflugt atvinnulíf	27
IV. Meginmálaflokkar	30
Öryggi og áhætta	30
Farsæld og félagsleg staða	34
Skólamál og farsæld barna	38
Félagsstarf, menning og íþróttir	40
Innviðir og veitukerfi	42
Vernd mikilvægra innviða	45
Húsnæðismál	47
Atvinnulíf	50
Fjárhagur Grindavíkurbæjar	53
Kosningarréttur og lýðræðislegt umboð	57
Stjórnskipulag og áskoranir á næsta kjörtímabili	58
Verkaskipting ríkis og sveitarfélags	61
V. Lokaorð	64
Viðauki A: Erindisbréf vegna rammaáætlunar um endurreisn	65
Viðauki B: Listi yfir aðgerðaáætlanir Grindavíkurnefndar	66
Viðauki C: Lög og stjórnvaldsfyrirmæli í tengslum við jarðhræringar í Grindavíkurbæ	67
Viðauki D: Listi yfir samráðsaðila	68
Heimildaskrá	69

Samantekt helstu tillagna og ábendinga

Grindavíkurnefnd fékk það verkefni af forsætisráðherra að vinna rammaáætlun um endurreisn samfélagsins í Grindavík. Sú skýrsla sem hér liggur fyrir ber þess merki að náttúruhamförum er ekki lokið og mikil óvissa ríkir um þróunina á næstunni. Þau leiðarljós sem hér eru sett fram verða því að skoðast í þessu ljósi óvissu. Allar ákvarðanir í endurreisnarferli þurfa að setja öryggi í fyrsta sæti. Um leið er nauðsynlegt að búa svo um hnúta að Grindavík taki markviss skref á þeirri vegferð að þar verði aftur blómleg byggð og farsælt samfélag. Í þessari rammaáætlun er þess freistað að feta jafnvægið milli ólíkra sjónarmiða og hagsmuna þannig að uppbygging og endurreisn eigi sér stað á forsendum öryggis og farsældar til framtíðar.

Hér að neðan eru dregnar saman helstu tillögur og ábendingar Grindavíkurnefndar sem nánar er gerð grein fyrir í skýrslunni.

Öryggi og áhætta

- Gera þarf **sjálfstætt og ítarlegt áhættumat** samkvæmt viðurkenndum stöðlum, með skýrum upplýsingum fyrir almenning. Lagt er til að **Almanna-varnadeild ríkislögreglustjóra** taki við þeirri ábyrgð þegar Grindavíkurnefnd lýkur störfum.
- Öryggi á að vera í forgangi** í öllum ákvörðunum um endurreisn, þjónustu, atvinnu og uppbyggingu.
- Móta þarf **sambærilegt fyrirkomulag fyrir eldgos og jarðhræringar og gildir um ofanflóð**, m.a. um fjármögnun og skilgreiningu á ásættanlegri áhættu.
- Tryggja þarf að **viðbragðs- og rýmingaráætlanir séu virkar, æfðar og aðlagðar mismunandi hópum**, með skýrum merkingum og upplýsingum á fleiri tungumálum og með myndrænum leiðbeiningum.
- Stjórnvöld þurfa að undirbúa **viðbragðsáætlanir** fyrir fleiri möguleg gos- og hættusvæði á Reykjanesskaga, jafnvel samtímis.
- Gera þarf **jarðkönnun** á útivistarsvæðum utan þéttbýlis til að bæta öryggi.

Farsæld og félagsleg staða

- Tryggja þarf skipulagða og mælanlega **eftirfylgni með félagslegum áhrifum** hamfaranna, þannig að hægt sé að greina breytingar í þjónustubörf og bregðast við þeim á markvissan hátt.
- Þar sem áhrif rýmingarinnar kunna að vara lengi er nauðsynlegt að **tryggja samfellu í sálrænum og félagslegum stuðningi**.

- Styrkja þarf leiðir sem **stuðla að félagslegum tengslum Grindvíkinga**, bæði sín á milli og við nýtt samfélag á búsetustað, með sérstakri athygli á þeim sem búa við veikt tengslanet.

Skólamál og farsæld barna

- Félagsleg staða og líðan barna eftir rýmingu kallar á samræmda og markvissa íhlutun. Tryggja þarf **kerfisbundna eftirfylgni** með stöðu þeirra til lengri tíma.
- Tryggja þarf **öryggi barna og draga markvisst úr hættu á líkamlegum og andlegum skaða**, með sameiginlegu átaki allra hlutaðeigandi aðila.
- Ákvarðanir um enduropnun skóla í Grindavík skulu teknar með hagsmuni og velferð barna að leiðarljósi. **Ekki er mælt með að skólastarf hefjist fyrr en áhættumat gefur tilefni til.**
- Ástæða er til að skoða hvort **svæðisbundin farsældarráð sveitarfélaga** geti gegnt skýru hlutverki sem formlegur samráðs- og samhæfingarvettvangur í málefnum grindvískra barna.

Félagsstarf, menning og íþróttir

- Efla þarf félagsstarf, menningu og skipulagðar samverustundir til að **viðhalda tengslum og styðja við félagslega þátttöku Grindvíkinga**. Stuðningur við þessa þætti gegnir lykilhlutverki í að stuðla að farsæld og styðja við endurreisn samfélagsins.

Innviðir og veitukerfi

- Tryggja þarf **öruggan rekstur grunninnviða**: rafveitu, vatnsveitu, fráveitu og fjarskipta.
- Styrkja þarf **raforkuinnviði**, m.a. með nýrri flutningsleið frá Svartsengi og **hringtengingu raforkukerfisins**.
- Bæta þarf **afhendingaröryggi raforku til atvinnulífs**, sérstaklega fiskeldis.
- Halda þarf áfram af fullum þunga með **nýtt varavatnsból** og tengdar framkvæmdir.
- Skýra þarf betur **lagagrundvöll fyrir endurreisn samfélaga** eftir náttúruhamfarir.

Húsnæðismál

- Fullorðið fólk getur tekið upplýsta ákvörðun um búsetu í Grindavík, en **ekki er mælt með að barnafjölskyldur flytji þangað meðan óvissa varir**.
- Heimila má **sölu og leigu húsnæðis**, en með skýrum fyrirvara um óvissu og mögulega rýmingu.
- Mikilvægt er að **eyða allri óvissu um tryggingavernd**, bæði fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.
- **Virkum og traustum húsnæðismarkaði** þarf að koma sem fyrst á fót í Grindavík, bæði hvað varðar íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Bankar þurfa að vera reiðubúnir að veita **lán til fasteignakaupa** og uppbyggingar.

Atvinnulíf

- Halda má áfram fjölbreyttum atvinnurekstri innan marka áhættumats, en með **frekari öryggisráðstöfunum má auka svigrúm atvinnulífsins**, sérstaklega í ferðaþjónustu.
- Bæta þarf **aðgengi fyrirtækja að fjármögnun og tryggingum**, annars veikist rekstrargrundvöllur þeirra.
- Styðja þarf markvisst við **uppbyggingu ferðaþjónustu** með aðkomu stoðkerfis greinarinnar.
- Skapa þarf betri skilyrði fyrir **fiskeldi og tengda starfsemi**, m.a. með öruggri orku, lóðum og bættri höfn.
- Reynsla af **Sóknarsjóði og framkvæmd sóknaráætlana** hefur verið jákvæð. Fjármunum í Sóknarsjóði verði **úthlutað**.
- Tryggja þarf að **upplýsingar um áhættu og öryggi** séu aðgengilegar á viðeigandi tungumálum.

Fjárhagur Grindavíkurbæjar

- Grindavíkurbær ræður **ekki einn við fjármögnun endurreisnar**; ríkið þarf að koma að henni með markvissum og fyrirsjáanlegum hætti.
- Endurskoða þarf **tekjustofna sveitarfélagsins**, þar sem þeir endurspegla ekki raunveruleg umsvif.
- Skoða þarf áhrif þess að **eignir Þórkötlunnar séu undanþegnar fasteignagjöldum** og finna leiðir til að jafna tekjutap.

- Hefja þarf **formlegar viðræður ríkis og sveitarfélags** um fjárhagslegar forsendur næstu ára.
- Notaðu þarf áfram **skýrar aðgerðaáætlanir** með afmarkaðri ábyrgð, umfangi og fjármögnun.

Stjórnskipulag og samstarf sveitarfélaga og verkaskipting ríkis og sveitarfélags

- Styrkja þarf **stjórnsýslu og getu sveitarfélagsins** til að sinna nauðsynlegum og fleiri verkefnum sem fylgja endurreisn.
- Efla þarf samræmda reglulega **upplýsingamiðlun til Grindvíkinga** um endurreisnina.
- Auka má og **dýpka samstarf sveitarfélaga á Reykjanesi** til að bæta þjónustu, hagkvæmni og faglegt umhverfi.
- Skynsamlegt er að hefja umræðu um **fram tíðarskipan sveitarfélaga** á Suðurnesjum.
- Nauðsynlegt er að **styrkja samstarf ríkis og sveitarfélagsins með markvissum og formlegum hætti**. Ríkið þarf að koma að verkefninu með skýrri ábyrgð á fjármögnun, samræmingu aðgerða og aðkomu sérfræðistofnana.
- Ríkisvaldið, í gegnum viðeigandi ráðuneyti og sérfræðistofnanir, þarf að **gegna lykilhlutverki við mat á áhættu, skilgreiningu helgunarsvæða náttúruvár** og endurskoðun skipulagsáætlana.
- Setja ber á laggirnar **fastan samráðsvettvang ríkis og bæjarfélagsins** með þátttöku íbúa, stofnana og vísindasamfélagsins á fyrstu stigum endurreisnar meðan óvissustig er enn í gangi.
- **Virk þátttaka heimamanna** getur jafnframt stuðlað að sterkari samfélagslegri samstöðu og aukinni ábyrgðartilfinningu gagnvart endurreisnarferlinu.

I. Inngangur

Bakgrunnur

Jarðhræingar og eldgos á Reykjanesskaga hafa á undanförunum árum haft veruleg áhrif á svæðið og á aðstæður þeirra sem tengjast Grindavíkurbæ. Undir lok október 2023 hófst hröð kvikusöfnun á Svartsengissvæðinu sem 10. nóvember sama ár leiddi til kvikugangs og umfangsmikilla jarðskorpuhreyfinga í og við Grindavík. Í kjölfarið var neyðarstigi lýst yfir, bænum lokað og 3.790 einstaklingar þurftu að yfirgefa heimili sín. Endurtekin eldgosahrina hófst á Sundhnúksgígaröðinni í desember 2023 og eru gosin þar nú orðin níu talsins.¹

Jarðhræingarnar á Reykjanesskaga teljast einstakar á heimsvísu vegna samspils langvarandi kvikusöfnunar, endurtekinna eldgosa og breyttrar áhættu í þéttbýli. Til að bregðast við þessari sérstöku stöðu voru sett lög nr. 40/2024, um framkvæmdanefnd vegna jarðhræinga í Grindavíkurbæ, sem tóku gildi 1. júní 2024.

Raunar má rekja yfirstandandi umbrotatímabil á Reykjanesskaga aftur til desember 2019 og þá með jarðskjálftavirkni, neðanjarðarkvikuhreyfingum og eldgosum.²

Þessi atburðarás hefur skapað fordæmalausar aðstæður í Grindavík og sett sveitarfélagið, íbúa og atvinnulíf í langvarandi óvissu. Endurreisn samfélags undir áframhaldandi náttúruvá er flókið ferli sem krefst samhæfingar, gagnsæis og þátttöku allra hagaðila.

Tilgangur þessarar rammaáætlunarinnar er að:

- meta stöðu samfélagsins og forsendur endurreisnar,
- skilgreina leiðarljós, markmið og forgangsverkefni næstu ára,
- skapa sameiginlega framtíðarsýn sem leiðarvísi fyrir nýja bæjarstjórn eftir kosningarnar 16. maí 2026,
- styrkja traust og fyrirsjáanleika fyrir íbúa, fyrirtæki og stjórnvöld.

¹ (Skýrsla forsætisráðherra um helstu verkefni stjórnvalda og mat á framtíðarhorfum vegna jarðhræinga og eldsumbrota á Reykjanesskaga, 2024-2025)

² (Parks, o.fl., 2024)

Áætlunin er stefnumarkandi, ekki fullgerð framkvæmdaáætlun. Hún þarf að vera sveigjanleg, þannig að hægt sé að laga hana að nýjum aðstæðum um jarðhræringar og samfélagsþróun.

Við mótnun skýrslunnar hafði nefndin jafnframt til viðmiðunar meginverkefni sín samkvæmt erindisbréfi forsætisráðherra. Afmörkun verkefnisins og áherslur skýrslunnar taka því mið af þeim markmiðum og viðfangsefnum sem þar eru skilgreind. Nefndin naut utanaðkomandi aðstoðar við gagnaöflun, greiningu, ritun og framsetningu efnis. Nefndin ber í heild og sameiginlega ábyrgð á skýrslunni og þeim sjónarmiðum sem í henni er að finna.

Lagasetning og skipan Grindavíkurnefndar

Þann 3. maí 2024 lagði innviðaráðherra fram stjórnarfrumvarp um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ og var mælt fyrir frumvarpinu á þingfundi þann 6. maí 2024. Í greinargerð með frumvarpinu segir að það miði

”

„að því að lögfesta nauðsynlegar heimildir til að unnt verði að skipa tímabundna framkvæmdanefnd til að fara með stjórn, skipulagningu og samhæfingu aðgerða og hafa heildaryfirsýn yfir málefni Grindavíkurbæjar vegna þeirra margvíslegu úrlausnarefna í sveitarfélaginu sem tengjast yfirstandandi jarðhræringum á svæðinu. Frumvarpið miðar einnig að því að tryggja skilvirka samvinnu við sveitarstjórn, önnur stjórnvöld og aðra hlutaðeigandi. Með því er ætlunin að tryggja hagkvæma og skilvirka stjórn og úrlausn viðkomandi verkefna vegna náttúruhamfara á svæðinu. Þá er það einnig markmið frumvarpsins að hlúð verði að íbúum og stuðlað að farsæld þeirra til framtíðar, stuðlað verði að því að öflugt atvinnulíf geti áfram dafnað í Grindavík og þar verði öruggt samfélag með trausta innviði og þjónustu sem miðar að þörfum samfélagsins. Markmið frumvarpsins styður þá grundvallarnálgun stjórnvalda í málefnum Grindavíkurbæjar að samfélag geti aftur dafnað í bænum.“³

Frumvarpið hlaut skjóta meðferð á Alþingi og var samþykkt samhljóða sem lög frá Alþingi þann 14. maí 2024. Framkvæmdanefndin, sem jafnan gengur undir heitinu Grindavíkurnefnd (hér eftir einnig Grindavíkurnefnd í þessari skýrslu), tók síðan til starfa þann 1. júní 2024. Gildistími laganna er til tveggja ára og þau falla þannig úr gildi 1. júní 2026 og þar með lýkur nefndin störfum sínum.⁴

Með forsetaúrskurði 15. mars 2025 voru málefni nefndarinnar færð úr innviðaráðuneyti í forsætisráðuneyti og frá 1. apríl 2025 er nefndin skipuð eftirfarandi: Árni Þór Sigurðsson sendiherra, formaður, Jóhanna Lilja Birgisdóttir sálfræðingur og Skarphéðinn Berg Steinarsson ráðgjafi.

³ Frumvarp til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa við Grindavíkurbæ, 2023-2024)

⁴ (Lög um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ nr. 40, 2024)

Áform stjórnvalda um að endurreisa Grindavík

Allt frá því að jarðhræringarnar og eldsumbrotin við Grindavík hófust hafa stjórnvöld markað sér þá stefnu að endurreisa skuli samfélagið í Grindavík og forystufólk í stjórn-málum hefur lagt áherslu á að Grindvíkingar standi ekki ein heldur standi þjóðin öll á bak við þau í þeim hremmingum sem þau hafa gengið í gegnum. Þetta hefur endurspeglast m.a. í þingræðum og á opnum fundum. Í umræðum um frumvarp forsætisráðherra um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga í nóvember 2023 mátti heyra skýran sam-hljóm þvert á stjórnmalaflokka á Alþingi um stuðning við Grindvíkinga.⁵ Í stjórnarsátt-mála núverandi ríkisstjórnar er einnig vikið að málum Grindavíkur og að unnið skuli að lausn fyrir sveitarfélagið og íbúa þess, atvinnurekendur og fasteignaeigendur.⁶

Þessi ásetningur hefur einnig birst í margháttaðri lagasetningu, s.s. í lögum um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, en þar segir um markmið laganna í 1. gr.:

„Markmið laga þessara er að:

- a. tryggja skilvirka og hagkvæma úrlausn verkefna vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ,
- b. hlúa að íbúum Grindavíkurbæjar og stuðla að farsæld þeirra til framtíðar,
- c. stuðla að öflugu atvinnulífi í Grindavíkurbæ,
- d. Grindavíkurbær verði öruggt samfélag með trausta innviði og þjónustu sem miðar að þörfum samfélagsins.“

Auk þessa hafa fjölmörg lög verið sett vegna aðstæðna í Grindavík og í þágu Grind-víkinga, m.a. um húsnæðisstuðning, stuðning við atvinnulíf, kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík og Afurðasjóð Grindavíkur.⁷ Þá ber að nefna ýmsar aðrar ráðstafanir, s.s. byggingu varnargarða. Allt þetta undirstrikar að frá upphafi hafa markmið og ásetningur stjórnvalda verið að Grindavík yrði byggð upp að nýju og samfélagið endurreist.

⁵ Sjá t.d.: (Katrín Jakobsdóttir, 2023-2024), (Krístrún Frostadóttir, 2023-2024), (Daði Már Kristófersson, 2023-2024), (Guðrún Hafsteinsdóttir, 2023-2024), (Inga Sæland, 2023-2024), (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 2023-2024), (Jóhann Friðrik Friðriksson, 2023-2024)

⁶ (Stefnufirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins, 2024)

⁷ Sjá Viðauka C.

Erindisbréf

Forsætisráðherra fól Grindavíkurnefnd, með erindisbréfi dags. 10. desember 2025, að vinna rammaáætlun um næstu skref í endurreisnarferlinu vegna jarðhræringanna í Grindavíkurbæ. Í erindisbréfinu kemur fram að markmiðið með gerð rammaáætlunar sé „að móta samræmda framtíðarsýn og ramma fyrir endurreisn samfélagsins og innviða og þjónustu“. Verkefni nefndarinnar í þessu sambandi er skilgreint og feli m.a. eftirfarandi í sér:

- Greina stöðu og þarfir samfélagsins og framtíðarforsendur, þ.m.t. stöðu og horfur bæjarfélagsins.**
- Eiga samráð við Grindvíkinga og aðra hagaðila.**
- Taka mið af innlendri og alþjóðlegri þekkingu eftir atvikum.**
- Móta meginmarkmið, leiðarljós og forgangsöröðun verkefna.**

Þá segir í erindisbréfinu að meta þurfi þær forsendur sem þurfi að liggja fyrir um endurreisn bæjarins, m.a. um mögulega endurkomu fyrrverandi íbúa og aðra þætti sem áhrif hafa á næstu skref í ferlinu, þar á meðal að því er varðar fjárhag, innviði, þjónustugetu og skipulag, áskoranir og tækifæri. Enn fremur skuli huga að afdrifum og líðan Grindvíkinga og hvernig stuðningi við þá verði háttað.

Nefndinni er gert að skila rammaáætluninni fyrir 31. mars 2026.⁸

⁸ Sjá Viðauka A.



Staða jarðhræringa — sviðsmyndir Veðurstofunnar

Staða jarðhræringa á Reykjanesi einkennist af áframhaldandi kvikusöfnun undir Svartsengi og viðvarandi landrasi. Þrátt fyrir að innstreymi kviku hafi dregist saman með tíma heldur kvikumagnið áfram að aukast og óvenju langt goshlé er ekki talið merki um að goshrinunni sé að ljúka. Óvissa um tímasetningu næsta goss hefur aukist samhliða hægara innstreymi.

Veðurstofan hefur kynnt fjórar sviðsmyndir fyrir næstu 6–12 mánuði. Líklegasta sviðsmyndin er eldgos eða kvikuhlaup á Sundhnúksíggaröðinni, þar sem aðdragandi getur verið mjög stuttur og gos jafnvel stærra en áður vegna uppsafnaðrar kviku. Önnur sviðsmynd er að kvikusöfnun haldi áfram án goss, en hún er talin síður líkleg. Þriðja sviðsmyndin gerir ráð fyrir að gos verði utan núverandi kvikugangs, t.d. í Eldvörpum, við Þorbjörn eða Svartsengi, en þessi sviðsmynd er talin ólíkleg. Fjórða sviðsmyndin miðar við að eldvirkni hefjist samtímis í öðrum kerfum á Reykjanes-skaga en Veðurstofan metur þennan möguleika mjög ólíklegan á meðan kvikusöfnun heldur áfram undir Svartsengi.

Þótt kvikusöfnun stöðvist er ekki hægt að útiloka að hún hefjist aftur síðar og eldgos gæti þá færst yfir í önnur eldstöðvakerfi. Sagan sýnir að slík gosskeið geta staðið í áratugi eða aldri með löngum hléum.

Heildarniðurstaða Veðurstofunnar er sú að eldgos á Sundhnúksíggaröðinni er talin líklegust, en óvissa er veruleg og vöktun og viðbragðsviðbúnaður eru lykilatriði á meðan kvikusöfnun heldur áfram.⁹ Grindavíkurnefndin telur því óhjákvæmilegt að varúðar- og öryggissjónarmið verði í forgrunni við endurreisn samfélagsins.

⁹ (Veðurstofa Íslands, 2026)

II. Aðferðafræði og vinnulag

Við vinnu að rammaáætlun um endurreisn Grindavíkurbæjar lagði nefndin áherslu á að byggja niðurstöður sínar á víðtæku samráði, fjölbreyttum gagnaheimildum og samanburði við reynslu bæði innanlands og erlendis. Markmið þessarar nálgunar var að tryggja að tillögur nefndarinnar byggðu á sem traustustum upplýsingum um stöðu mála, þarfir samfélagsins og bestu þekktu leiðir til endurreisnar samfélaga í kjölfar hamfara.

Virk þátttaka og samráð lykilatriði

Samráð og virkt samtal við heimamenn og helstu hagaðila er almennt talið eitt mikilvægasta grundvallaratriði við endurreisn samfélaga í kjölfar náttúruhamfara. Slík nálgun stuðlar að því að ákvarðanir um viðbrögð og uppbyggingu taki mið af raunverulegum þörfum og reynslu þeirra sem verða fyrir áhrifum hamfaranna. Íbúar, atvinnurekendur, stofnanir og félagasamtök búa yfir staðbundinni þekkingu á samfélaginu, innviðum þess og félagslegum tengslum sem getur reynst ómetanleg við mótun raunhæfra og árangursríkra lausna. Með því að virkja þessa þekkingu má auka líkur á að aðgerðir endurreisnar verði bæði markvissar og í takt við væntingar og þarfir samfélagsins.¹⁰

Samráð hefur einnig mikilvægt lýðræðislegt gildi. Þegar íbúar og hagaðilar fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eykst gagnsæi ákvarðanatöku og traust á milli stjórnvalda og samfélags. Slíkt traust er sérstaklega mikilvægt í aðstæðum þar sem samfélög standa frammi fyrir mikilli óvissu og breytingum. Virk þátttaka heimamanna getur jafnframt stuðlað að sterkari samfélagslegri samstöðu og aukinni ábyrgðartilfinningu gagnvart endurreisnarferlinu.¹¹

Rannsóknir sýna jafnframt að félagsauður og virk þátttaka samfélagsins getur haft afgerandi áhrif á hraða og árangur endurreisnar eftir hamfarir. Samfélög þar sem sterk tengsl og samstarf eru til staðar eiga oft auðveldara með að skipuleggja sameiginleg viðbrögð og endurbyggja samfélagið til lengri tíma.¹² Hér ber þó að hafa í huga að í flestum tilvikum hefst endurreisn þegar atburður er lokið og að því leyti eru aðstæður í Grindavík óvenjulegar. Rannsóknir sýna þó að mikilvægt er að stjórnvöld og opinberar stofnanir skapi vettvang fyrir samtal og samstarf við íbúa og hagaðila strax á fyrstu stigum endurreisnar.

¹⁰ (Gaillard & Mercer, 2013)

¹¹ (Davidson, Johnson, Lizarralde, Dikmen, & Sliwinski, 2007)

¹² (Aldrich, 2012)

Reynsla frá fjölmörgum löndum sýnir að þátttaka samfélagsins í mótun endurreisnar getur haft jákvæð áhrif á bæði gæði ákvarðana og hraða uppbyggingar. Þegar samráð er haft snemma í ferlinu er líklegra að hægt sé að greina helstu áskoranir og forgangsröðun verkefna með skýrum hætti. Það getur einnig dregið úr hættu á misskilningi, ágreiningi eða lausnum sem reynast illa í framkvæmd vegna þess að þær taka ekki nægilegt mið af aðstæðum á staðnum.

Mikilvægi samráðs á ekki síður við þegar hamfaraatburður er enn í gangi. Þótt slíkar aðstæður kalli oft á hraðar ákvarðanir og skjótar aðgerðir er engu að síður mikilvægt að hlusta á rödd samfélagsins og tryggja að upplýsingaflæði sé virkt í báðar áttir. Íbúar geta veitt mikilvægar upplýsingar um stöðu mála, brýnustu þarfir og áhrif hamfaranna á daglegt líf. Samráð getur þannig styrkt bæði viðbragð og langtímaendurskipulagningu, jafnvel þótt aðgerðir þurfi að þróast samhliða og taka mið af framvindu atburða.

Að sama skapi getur reglulegt samtal við hagaðila, s.s. sveitarfélög, atvinnulíf, stofnanir og frjáls félagasamtök, auðveldað samhæfingu aðgerða og stuðlað að því að ólík sjónarmið og sérþekking komi fram. Slíkt samstarf getur aukið skilvirkni, komið í veg fyrir tvívernað og tryggt að endurreisnarstarf byggji á breiðari þekkingargrunni. Það kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að skoðanir séu skiptar og að afstaða og hagsmunir stangist á, en umræða og samtal á þó að auka gagnkvæman skilning á ólíkum sjónarmiðum.

Þegar íbúar og hagaðilar fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eykst gagnsæi ákvarðanatöku og traust á milli stjórnvalda og samfélags. Slíkt traust er sérstaklega mikilvægt í aðstæðum þar sem samfélög standa frammi fyrir mikilli óvissu og breytingum. Virk þátttaka heimamanna getur jafnframt stuðlað að sterkari samfélagslegri samstöðu og aukinni ábyrgðartilfinningu gagnvart endurreisnarferlinu.

Í heild má því segja að samráð og þátttaka samfélagsins séu lykilþættir í farsælli endurreisn eftir náttúruhamfarir. Með því að skapa vettvang fyrir samtal, miðlun upplýsinga og þátttöku íbúa og hagaðila má stuðla að betri ákvarðanatöku, auknu trausti og sterkari grunnstöðu fyrir uppbyggingu samfélags til lengri tíma.

Samráð við Grindvíkinga og aðra hagaðila

Nefndin lagði áherslu á markvisst samráð við lykilhagaðila. Í því skyni var rætt ítarlega við bæjarráð Grindavíkur og helstu stjórnendur og starfsmenn bæjarins. Samtölin voru skipulögð með þeim hætti að farið var kerfisbundið yfir helstu málaflokka sem skipta máli fyrir endurreisn samfélagsins. Þar má nefna velferðarmál, skólamál, innviða- og skipulagsmál, menningar- og íþróttamál, fjármál sveitarfélagsins, auk annarra málaflokka sem tengjast daglegu lífi íbúa og starfsemi sveitarfélagsins. Með þessari nálgun var leitast við að fá sem heildstæðasta mynd af stöðu mála, áskorunum og tækifærum til uppbyggingar til framtíðar.

Grindavíkurnefndin hefur á starfstíma sínum enn fremur skipulagt nokkra almenna kynningar- og umræðufundi í Grindavík í samvinnu við Grindavíkurbæ.¹³ Þá tóku nefndarmenn þátt í vinnustofu ráðgjafarfyrtækisins Deloitte þar sem fjallað var um stöðu Grindavíkur og sviðsmyndir um hvernig Grindavík og samfélag Grindvíkinga gæti orðið árið 2035.¹⁴

Auk samráðs við sveitarfélagið átti nefndin samtöl við fjölbreyttan hóp hagaðila. Þar á meðal voru fulltrúar atvinnulífs og vinnumarkaðar, fulltrúar ráðuneyta og opinberra stofnana, frjáls félagasamtök, sérfræðingar og vísindafólk með þekkingu á jarðeðlisfræði, eldfjalla- og jarðskjálftafræði, hamföllum, samfélagsþróun og endurreisn. Með þessum viðtölum var leitast við að draga fram ólík sjónarmið, sérfræðiþekkingu og reynslu sem gæti nýst við mótnun tillagna nefndarinnar.

Til viðbótar við viðtöl og samráð skipulagði nefndin rýnihópa með íbúum Grindavíkur í samstarfi við rannsóknarfyrirtækið Maskínu. Markmið rýnihópanna var að fá fram reynslu, viðhorf og sjónarmið íbúa um tiltekin málefni sem skipta miklu fyrir framtíð samfélagsins. Rýnihóparnir fjölluðu m.a. um skólamál, málefni aldraðra og aðra þætti sem tengjast velferð og samfélagslegri þátttöku. Með þessari aðferð gafst færi á að fá dýpri innsýn í upplifun og væntingar íbúa en oft fæst með hefðbundnum viðtölum eða könnunum.

Í viðauka er að finna yfirlit yfir þá aðila sem nefndin átti samtöl við við vinnslu skýrslunnar.¹⁵

¹³ (Grindavíkurnefnd, Skýrsla til Alþingis (2), 2025)

¹⁴ (Forsætisráðuneytið, Staða Grindavíkur og sviðsmyndir um hvernig Grindavík og samfélag Grindvíkinga verður árið 2035, 2025)

¹⁵ Sjá viðauka D.

Reynsla innanlands

Íslendingar hafa í gegnum tíðina þurft að takast á við afleiðingar náttúruhamfara af ýmsum toga. Í seinni tíð hafa afleiðingar rýmingar og brottflutnings fyrir samfélög og íbúa verið rannsakaðar og birtar skýrslur og greinar á grunni þannig rannsókna. Nefndin hefur m.a. horft til reynslu innanlands um áhrif og afleiðingar náttúruhamfara á líf og farsæld íbúa og einnig að því er varðar endurreisn samfélaga eftir hamfarir, m.a. í kjölfar eldgossins í Vestmannaeyjum 1973,¹⁶ snjóflóða á Vestfjörðum 1995,¹⁷ eldgoss í Eyjafjallajökli 2010¹⁸ og aurskriða á Seyðisfirði 2020.¹⁹

Þótt engir tveir atburðir séu eins og aðstæður um margt ólíkar má í flestum tilvikum draga lærdóm af fyrri reynslu, hvað hefur tekist vel og hvað síður. Þannig á að vera unnt að tryggja að samfélög og stjórnvöld geti verið betur búin undir áföll ef og þegar þau dynja á. Reynslan sýnir hins vegar að það er hægara um að tala en í að komast og á stundum birtast rannsóknir löngu eftir liðna atburði. Má í því sambandi m.a. nefna að rannsóknarnefnd Alþingis vegna snjóflóðanna í Súðavík var ekki skipuð fyrr en 30 árum eftir þær mannskæðu hamfarir.

Það er þó eftirtektarvert að í rannsóknarniðurstöðum sem nefndin hefur kynnt sér kemur ítrekað fram að sálfélagsleg áhrif náttúruhamfara geta verið veruleg og langvarandi og því mikilvægt að gefa þeim sérstakan gaum þegar unnið er að endurreisn.

Alþjóðleg reynsla og samstarf við Alþjóðabankann

Nefndin hefur í störfum sínum litið til alþjóðlegrar reynslu við endurreisn samfélaga í kjölfar hamfara. Mikilvægt er að draga lærdóm af reynslu annarra enda þótt aðstæður geti verið afar mismunandi og hamfarir séu af ýmsum toga, jarðskjálftar, eldgos, ofanflóð og skriður, flóðbylgjur, fellibyljir, stríðsátök o.s.frv. Samfélög og þjóðir eru einnig misvel í stakk búin til að takast á við afleiðingar hamfara, hvort sem litið er til efnahagslegra, félagslegra eða umhverfislegra þátta. Það er einnig ljóst að það er ekki til ein lausn fyrir allar aðstæður.²⁰

Í þessu samhengi hefur bæði verið stuðst við opinberar skýrslur og greiningar frá öðrum ríkjum sem hafa staðið frammi fyrir umfangsmikilli endurreisn í kjölfar hamfara, auk fræðilegra rannsókna sem birtar hafa verið í bókum og ritrýndum vísindagreinum. Með því var leitast við að draga fram lærdóm um hvaða aðferðir og stefnumótun hafa reynst árangursríkar við endurreisn samfélaga og hvaða áskoranir hafa komið upp í slíkum ferlum.²¹

¹⁶ (Hafðís Dóra Gunnarsdóttir, 2025); (Meara, Árnason, & Roberts, 2026)

¹⁷ (Rannsóknarnefnd Alþingis, Málsatvik í tengslum við snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995 - 1, 2025) (Rannsóknarnefnd Alþingis, Málsatvik í tengslum við snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995 - 2, 2025) (Aron Guðmundsson, 2021); (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, 2001)

¹⁸ (Carlsen, Hauksdóttir, & Valdimarsdóttir, 2012); (Heiðrún Hlöðversdóttir, 2018)

¹⁹ (Áhrif aurskriðanna gríðarleg fyrir samfélagið, 2023); (Guðný Ósk Guðnadóttir, 2023)

²⁰ (Marsh, Ahmed, Mulligan, Donovan, & Barton, 2018), bls. 203.

²¹ (Ingram, Franco, Rio, & Khazai, 2006)

Alþjóðabankinn (World Bank Group) hefur langa og víðtæka reynslu í tengslum við endurreisn samfélaga í kjölfar hamfara víða um heim. Má þar nefna endurreisn eftir jarðskjálfta og eldgos á Nýja-Sjálandi, Tyrklandi, Bandaríkjunum, á Spáni, í Karíbahafi, Indónesíu, á Ítalíu og Grikklandi, flóðbylgju í Bandaríkjunum og Japan, fellibylji í Bandaríkjunum o.fl.²² Grindavíkurnefndin ákvað að leita eftir samstarfi við bankann og í samvinnu við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra óskaði nefndin eftir styrk frá bankanum og DG ECHO (European Civil Protection and Humanitarian Aid Operations) hjá Evrópusambandinu til að standa straum af þeirri ráðgjöf. Sendinefnd frá bankanum kom tvisvar í vettvangsheimsókn hingað til lands, kynnti sér aðstæður, átti fundi með fjölmörgum hagaðilum og tók m.a. þátt í opnum fundi Krístrúnar Frostadóttur forsætisráðherra í Grindavík 8. október 2025. Auk þess hafa nefndin og fulltrúar bankans átt fjölmarga fjarfundi um ýmis álitaefni er tengjast endurreisn samfélagsins í Grindavík og skipulagt vinnustofur hér á landi um tiltekin álitaefni með hagaðilum. Alþjóðabankinn hefur skilað nefndinni sinni ráðgjafarskýrslu og er hún birt samtímis þessari rammaáætlun.²³

²² (Disaster Recovery Framework Guide, 2020)

²³ Skýrsla Alþjóðabankans er birt samtímis þessari skýrslu.



HÉR ER STUTT SAMANTEKT Á HELSTU ATRIÐUM Í SKÝRSLU ALÞJÓÐABANKANS.

Skýrsla Alþjóðabankans fjallar um niðurstöður greiningar og tillögur bankans um viðnámsþolna endurreisn Grindavíkur. Hún byggir á greiningu, alþjóðlegri reynslu og samráði við fjölbreyttan hóp hagaðila, þar á meðal ríkisstofnanir, sveitarfélög, atvinnulíf og fulltrúa samfélagsins. Markmiðið með vinnu Alþjóðabankans er að styðja Grindavíkurnefnd og íslensk stjórnvöld við ákvarðanatöku um næstu skref í endurreisn bæjarins.

Meginniðurstaða skýrslunnar er sú að endurreisn Grindavíkur þurfi að byggjast á sérstökum og skýrum ramma sem taki mið af þeirri einstöku stöðu sem uppi er. Grindavík býr við viðvarandi áhættu og óvissu vegna eldgosa, jarðskorpuhreyfinga og skjálftavirkni á Reykjanesskaga. Sú óvissa hefur áhrif á m.a. öryggi íbúa, búsetuákvarðanir, geðheilsu, skólagöngu barna og atvinnulíf. Endurreisn geti því ekki eingöngu snúist um að byggja upp aftur það sem tapaðist, heldur þurfi hún að vera byggð á seiglu (e. *resilience*), vera stigvaxandi, áhættumiðuð, sveigjanleg og félagslega réttlát, sem stuðli að öryggi almennings, trausti og samheldni samfélagsins.

Í skýrslu bankans er lögð áhersla á að stjórnvöld hafi þegar sýnt sterka forystu í viðbrögðum við hamförunum. Rýmingar, samhæfing stofnana, rannsóknir, uppbygging varnarmannvirkja og fjárhagslegur og félagslegur stuðningur við íbúa og fyrirtæki hafi skipt miklu máli. Þá hafi framkvæmdanefnd Grindavíkur gegnt mikilvægu hlutverki við að samræma aðgerðir og styðja við samfélagið. Jafnframt er bent á að íbúar Grindavíkur hafi sýnt mikla seiglu og aðlögunarhæfni við afar erfiðar aðstæður.

Þrátt fyrir miklar aðgerðir fram til þessa sé ljóst að endurreisnarferlið verði langt og flókið. Bankinn telur því nauðsynlegt að setja fram heildstæða sýn og markmið fyrir endurreisnina, sem byggir á langvarandi skuldbindingu og samvinnu margra aðila í stjórnkerfinu og annarra hagsmunaaðila. Slík sýn þurfi að byggja á meginreglum eins og öryggi mannlífa, ákvarðanatöku sem miðist að fólki, félagslegri samheldni, gagnsæi, sjálfbærni og sveigjanleika gagnvart óvissu. Mikilvægt sé að þessi sýn verði mótuð með virku samráði við íbúa, atvinnulíf og aðra hagaðila svo hún njóti trausts og endurspegli ólíkar þarfir og væntingar.

Eitt af lykilatriðum skýrslunnar er að skýra þurfi betur ábyrgð, stjórnskipulag og samhæfingu milli ríkis, sveitarfélags, stofnana, fyrirtækja og annarra hagaðila. Sérstaklega er bent á að huga þurfi að því hvernig samhæfingu endurreisnar skuli háttað þegar umboð framkvæmdanefndar Grindavíkur rennur út. Einnig þurfi að styrkja tengsl milli vísindalegrar þekkingar, vöktunar og opinberrar ákvarðanatöku. Nýta þurfi upplýsingar um áhættu við ákvarðanatöku í aðgerðum

opinberra aðila og fyrirtækja, s.s. við skipulag, fjárfestingar, tryggingamál, búsetu og upplýsingagjöf til almennings. Gagnsæ samskipti og skýr framsetning á áhættustigi eru talin lykilforsenda fyrir því að viðhalda trausti.

Í skýrslunni er jafnframt bent á að endurskoða þurfi ýmis stefnumótandi og fjárhagsleg úrræði. Það á m.a. við um fjármögnun endurreisnar, húsnæðisúrræði, fjármál sveitarfélagsins og fyrirkomulag trygginga vegna náttúruhamfara. Grindavíkurmálið hafi varpað ljósi á glufur í tryggingakerfinu, einkum hvað varði óbeint tjón og langvarandi áhættu. Þá sé mikilvægt að verja tekjustofna sveitarfélagsins svo það geti áfram sinnt hlutverki sínu og viðhaldið starfsemi þrátt fyrir fækkun íbúa og rýmingar.

Á sviði öryggis og viðbúnaðar leggja skýrsluhöfundar ríka áherslu á að áfram verði byggt á gagnreyndri (e. *evidence-based*) og áhættumiðaðri ákvarðanatöku. Vöktun, snemmvíðvaranir og sviðsmyndagreiningar þurfi áfram að vera undirstaða aðgerða. Sérstaklega er lagt til að þróað verði skýrara viðmið um hvað teljist ásættanlegt áhættustig í Grindavík, svipað og gert hefur verið hér á landi vegna snjóflóðahættu. Slík viðmið gætu stýrt því hvaða starfsemi sé heimil á mismunandi svæðum og við hvaða skilyrði, t.d. varðandi búsetu, skólastarf, atvinnustarfsemi og viðburði. Þetta myndi auka fyrirsjáanleika og auðvelda íbúum, fyrirtækjum og stjórnvöldum að taka upplýstar ákvarðanir.

Einnig er lögð áhersla á áhættumiðað skipulag og áframhaldandi fjárfestingu í almannavörnum, rýmingaráætlunum, æfingum og upplýsingamiðlun. Grindavík þurfi að búa við skýrar reglur um viðbrögð við mismunandi hættustigum og almenningur þarf að skilja hvað þau þýða í framkvæmd. Sérstök áhersla er lögð á fjöltyngda upplýsingagjöf og að tekið sé mið af fjölbreyttum hópum í samfélaginu, þar á meðal börnum, eldra fólki, innflytjendum og fólki með fötlun eða fólki sem býr við aðrar viðkvæmar aðstæður.

Á sviði félagslegra innviða og velferðar er í skýrslunni lögð áhersla á fólksmiðaða og inngildandi nálgun. Endurreisn þurfi ekki aðeins að taka mið af mannvirkjum og atvinnulífi, heldur líka af félagslegri samheldni, geðheilsu, menntun og velferð íbúa. Börn og ungmenni eru nefnd sérstaklega sem hópur sem þurfi sérstakan stuðning. Einnig þurfi að tryggja áframhaldandi aðgengi að menntun og félagsþjónustu fyrir þau sem hafa þurft að flytja frá Grindavík.

Húsnæðismál eru meðal brýnustu viðfangsefna. Skýrsluhöfundar telja að endurskoða þurfi núverandi húsnæðisúrræði og tryggja að þau styðji við heildstæða og sanngjarna endurreisnarstefnu. Húsnæðislausnir þurfa að taka mið af

raunverulegri áhættu, vera gagnsæjar og stuðla að stöðugleika til lengri tíma. Jafnframt þarf að skýra reglur um notkun, viðhald og hugsanlega endurnýtingu húsa á mismunandi áhættusvæðum.


Loks er fjallað um mikilvæga innviði og efnahagslíf. Í skýrslunni er lagt til að endurreisnin verði nýtt sem tækifæri til að styrkja seiglu innviða eins og orku og vatnsbúskapar, fjarskipta og vegasamgangna. Auk þess þurfi að styðja við atvinnulíf, tryggja örugga endurkomu vinnuafls og draga úr óvissu fyrir fyrirtæki. Til lengri tíma er bent á að Grindavík og Reykjanesskagi geti þróað ný tækifæri í ferðaþjónustu, nýsköpun og fjölbreyttara atvinnulífi, að því gefnu að það sé gert með áhættu og sjálfbærni að leiðarljósi.

Heildarniðurstaða skýrslunnar er sú að endurreisn Grindavíkur verði að byggjast á skýrri stefnu, samhæfðri stjórnsýslu og raunhæfu mati á þeirri óvissu sem enn ríkir. Með því að sameina öryggi, félagslega ábyrgð, efnahagslega framtíðarsýn og seiglu í skipulagningu sé mögulegt að leggja grunn að sjálfbærri framtíð fyrir Grindavík og um leið draga lærdóm sem nýtist víðar á Reykjanesskaga og á Íslandi í heild.



III. Leiðarljós og markmið endurreisnar

Rýming Grindavíkur þann 10. nóvember 2023 markaði upphaf víðtækra búferlaflutninga. Flestir íbúar hafa nú komið sér fyrir annars staðar, stærstur hluti á Reykjanesskaga, einkum í Reykjanesbæ, Vogum, Suðurnesjabæ og Hafnarfirði. Margir hafa keypt húsnæði, börnin eru í nýjum skólum og tengslanet hefur breyst. Náttúruvá er áfram til staðar og almannavarnastig skilgreint sem óvissustig.



Endurreisn í kjölfar jarðhræringanna er margþætt ferli. Hún nær til Grindvíkinga sjálfra og aðlögunar þeirra sem eru að byggja upp líf sitt á nýjum stað, til uppbyggingar bæjarins með mögulega endurkomu fyrri íbúa og nýrra íbúa og uppbyggingu innviða og þjónustu, og til Reykjanesskagans í heild þar sem lærdómurinn af Grindavík hefur víðtækari þýðingu fyrir skipulag og viðbragðsgetu svæðisins. Ólíkt hefðbundinni endurreisn fer þetta ferli fram undir viðvarandi náttúruvá og krefst því sérstaklega sveigjanlegrar og varfærinnar nálgunar.

Uppbygging Grindavíkurbæjar mun fara fram í áföngum þar sem hvert skref tekur mið af þróun áhættumats og þörfum íbúa. Samfélagsleg tengsl Grindvíkinga eru lykilþáttur í endurreisn. Þegar uppbygging fer fram í áföngum og óvissa ríkir um framtíð bæjarins er sérstaklega brýnt að viðhalda og efla þessi tengsl meðvitað, óháð búsetu íbúanna, enda eru þau grundvöllur þess að samfélagið geti þjappað sér saman og tekist á við þær áskoranir sem framundan eru.

Ekki verður nóg samlega undirstrikað að jarðhræringum og eldvirkni sem staðið hafa yfir í og við Grindavík undanfarin ár er ekki lokið. Talsverð óvissa ríkir enn og ekki með neinni vissu hægt að segja til um hver þróun verður í atburðum eða tíma. Öll

áform um endurreisn þurfa að taka mið af þessu. Einstök viðfangsefni endurreisnar geta þó unnist eftir því sem aðstæður leyfa, þá sérstaklega öryggi manna.

Rammaáætlunin er sett fram sem stefnumarkandi rammi sem skilgreinir leiðarljós og meginreglur fyrir ákvarðanatöku um næstu skref í endurreisnarferlinu. Annars vegar með það markmið að styðja við farsæld og lífsskilyrði allra Grindvíkinga. Hins vegar setur hún fram þau leiðarljós og meginreglur sem huga þarf sérstaklega að og þurfa að liggja til grundvallar uppbyggingu í Grindavík. Taka verður tillit til þessarar stöðu á meðan óvissa ríkir um þróun jarðhræringanna, en þegar óvissu lýkur verður svo hægt að ljúka endurreisn.

Framsetningin endurspeglar þær fordæmalausis aðstæður sem eru uppi. Ólíkt hefðbundinni endurreisn sem hefst að loknum hamförum fer endurreisn Grindavíkur fram samhliða virkri hættu og viðvarandi óvissu. Sú staða krefst sveigjanlegs og forsendubundins ramma fremur en hefðbundinnar rammaáætlunar þar sem öll skref eru tilgreind og útfærð. Beita þarf ábyrgri nálgun, m.a. til að nýta tímann við viðvarandi óvissu til að efla áfallapol samfélagsins.

Meginreglur rammaáætlunarinnar byggja á greiningarvinnu og samráði sem nefndin hefur unnið að undanfarin misseri. Við mótun þeirra hefur m.a. verið stuðst við eftirfarandi:

- **Niðurstöður könnunar meðal Grindvíkinga, þar sem 1.470 einstaklingar veittu upplýsingar um aðstæður sínar, líðan, atvinnustöðu og framtíðaráform.**
- **Rýnihópavinnu með íbúum sem veitti dýpri innsýn í reynslu fólks og þarfir samfélagsins.**
- **Samstarf við Grindavíkurbæ um stöðu bæjarins, innviði og þjónustu.**
- **Fundi með yfir 40 hagaðilum, þar sem aflað hefur verið fjölbreyttra sjónarmiða.**
- **Samtöl við móttökusveitarfélög um aðstæður og stuðning við Grindvíkinga.**
- **Lýðfræðilega og búsetutengda greiningu, þar sem kortlögð hefur verið dreifing þeirra sem rýmdu bæinn, sem og þróun lögheimilisskráninga og breytingar á samsetningu íbúa í Grindavíkurbæ.**
- **Ráðgjöf Alþjóðabankans byggða á alþjóðlegri reynslu af endurreisn samfélaga í kjölfar hamfara.**

Leiðarljós rammaáætlunarinnar byggja á þeim forsendum sem áður hafa verið raktar og eru sett fram til að styðja við ákvarðanatöku á meðan unnið er að endurreisn Grindavíkur. Þau draga fram mikilvægi þátta á borð við öryggi, farsæld, seiglu, þjónustu, atvinnulíf og hlutverk sveitarfélagsins, með hliðsjón af því að endurreisn er áframhaldandi ferli sem þróast yfir tíma. Leiðarljósunum er beint að nokkrum lykilþáttum eins og öryggi, farsæld, seiglu, þjónustu, atvinnulífi og hlutverki sveitarfélagsins.



Öryggi er grunnforsenda

Öryggi er grundvallarforsenda allrar uppbyggingar í Grindavík. Ákvarðanir um búsetu, þjónustu og framkvæmdir verða ávallt að byggjast á gildandi og uppfærðu áhættumati sem vinna þarf á grunni alþjóðlegra staðla um gerð áhættumats. Forðast ber að ráðast í uppbyggingu í Grindavíkurbæ nema fyllsta öryggis sé gætt.

Gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða til að draga úr áhættu, s.s. lokunar jarðsprungna, uppsetningar girðinga, merkinga og gerðar viðbragðsáætlana. Sú vinna er áframhaldandi og þarf að þróa í takt við aðstæður, með það að markmiði að lágmarka áhættu og tryggja skilvirk viðbrögð.

Öryggi snýr þó ekki aðeins að tæknilegum úrræðum. Öryggistilfinning fólks byggist á trausti á áhættumatinu, viðbragðskerfum og ákvörðunum stjórnvalda. Reynsla Grindavíkinga hefur sýnt að slíkt traust er ekki sjálfgæfið og þarf að byggja markvisst upp.

Mörg skref hafa verið tekin í endurreisninni og fleiri bíða. Hvert skref þarf að byggjast á varkárni og mati á mögulegum afleiðingum. Áhættumat, sem unnið hefur verið af verkfræðistofunni Öruggr í umboði Grindavíkurnefndar og Almanna- og Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, bendir til aukinnar áhættu fyrir fólk í viðkvæmri stöðu. Fjölgi einstaklingum í slíkum hópum eykst ábyrgð þjónustuaðila og stjórnvalda. Gildandi og uppfært áhættumat skal ávallt lagt til grundvallar og er forsenda ákvarðana um búsetu, þjónustustig og uppbyggingu. Í ljósi viðvarandi óvissu og virkrar náttúruvár þarf að sýna sérstaka varfærni gagnvart ákvörðunum sem geta haft áhrif á búsetumynstur í Grindavík, þar á meðal um skólalæsi og fyrirkomulag endurkaupa og endursölu fasteigna.

Farsæld allra Grindvíkinga í forgrunni

Markmið endurreisnar er að stuðla að góðum lífsskilyrðum Grindvíkinga. Allar ákvarðanir og aðgerðir skulu miðast við farsæld, öryggi og stöðugleika, hvort sem viðkomandi hefur fest rætur annars staðar eða stefnir að endurkomu. Þetta á bæði við um ákvarðanir sem snúa að uppbyggingu bæjarins og þær sem varða stuðning við fólk sem hefur flust búferlum. Þeirri miklu björgunaraðgerð sem farið var í á sínum tíma og tryggði Grindvíkingum möguleika á að losa eignir sínar og hefja uppbyggingu á nýjum stað er ekki lokið. Hún mun halda áfram á meðan óvissustig er í gildi. Margir Grindvíkingar hafa eignast nýtt heimili, komið börnum í nýja skóla og byggt upp ný tengsl. Stefnumótunin þarf að virða þann stöðugleika og gæta að því að ákvarðanir grafi ekki undan þeirri festu.

Stöðugleiki er verndandi þáttur, einkum fyrir börn og einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Samfélag Grindvíkinga er ekki einungis bundið við tiltekna landfræðilega staðsetningu, heldur byggir á félagslegum tengslum, sameiginlegri reynslu og samstöðu sem stendur óháð búsetu. Mikilvægt er að viðhalda og efla þessi tengsl, enda eru þau lykilforsenda seiglu og traustur grunnur að framtíðarskipan samfélagsins.

Farsæld barna

Í allri stefnumótun og ákvarðanatöku í endurreisnarferlinu skal það sem barni er fyrir bestu ávallt haft að leiðarljósi, í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi meginregla kallar á aukna varfærni og strangari öryggis- og áhættumið við ákvarðanir sem varða börn, þar sem þau eru háð því að aðrir tryggi þeim öryggi, stöðugleika og fyrirsjáanleika.

Áhrif hamfara á börn og ungmenni geta verið langvarandi og víðtæk. Rask á daglegu lífi, rof á skólagöngu og félagslegum tengslum getur haft djúpstæð áhrif á sálfélagslega líðan. Fyrri rýming hafði veruleg áhrif á mörg börn og unnið hefur verið markvisst að því að styðja við bata og aðlögun þeirra og ástæða er til að undirstrika mikilvægi þess að forðast að setja þau aftur í aðstæður þar sem möguleiki er á endurtekinni rýmingu. Ákvarðanir sem varða búsetu, skólastarf og þjónustu við börn skulu því miða að því að draga úr óvissu.

Í þessu samhengi er mikilvægt að greina á milli ákvarðana sem lúta að efnahagslegri uppbyggingu Grindavíkurbæjar annars vegar og ákvarðana sem varða aðstæður og réttindi barna hins vegar. Ákvarðanir sem varða börn skulu ávallt byggjast á faglegu mati á hagsmunum barnsins og leggja til grundvallar við ákvarðanatöku.

Seigla og samfélagsleg sátt

Endurreisn eftir náttúruhamfarir snýst ekki aðeins um að byggja upp það sem var, heldur um að gera samfélög sterkari og betur undirbúin fyrir framtíðina. Hugtakið „*build back better*“²⁴ leggur áherslu á að nýta reynsluna til að bæta innviði, skipulag og viðbragðskerfi þannig að þau standist betur áföll í framtíðinni: að endurreisn stuðli að aukinni seiglu, þar sem hún felur í sér hæfni samfélaga til að aðlagast, jafna sig og þróast þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Með því að fjárfesta í öruggari byggingum, sjálfbærum lausnum og sterkari félagslegum tengslum er hægt að draga úr áhrifum komandi hamfara og stuðla að farsæld íbúa til lengri tíma.

Meginmarkmið endurreisnar er að stuðla að farsæld þeirra sem urðu fyrir hamför-unum. Eftir rýmingu Grindavíkur hafa margir komið sér fyrir í nýju umhverfi og náð þar fótfestu. Stefnumótun þarf að virða þann stöðugleika og forðast aðgerðir sem skapa óþarfa þrýsting um heimflutning á meðan óvissa ríkir.

Við breyttar aðstæður þarf að leggja áherslu á að viðhalda og efla samfélagsleg tengsl Grindvíkinga, óháð búsetu. Með því að draga úr kvíða vegna ákvarðana sem eru teknar í óvissu ástandi og virða þær ákvarðanir sem fólk hefur þegar tekið skapast svigrúm til aðlögunar. Þegar uppbygging í Grindavík hefst að fullu á hún ekki eingöngu að miða að því að endurheimta fyrra ástand, heldur að leggja grunn að áfallaþolnu og sjálfbæru samfélagi til framtíðar.

²⁴ Sjá t.d. (Mannakkara, Wilkinson, & Potangaroa, Resilient Post Disaster Recovery through Building Back Better, 2018), (Mannakkara & Wilkinson, Re-conceptualising “Building Back Better” to improve post-disaster recovery, 2014), (Hallegatte, Rentschler, & Walsh, 2018).

Markviss skref í uppbyggingu þjónustu

Tryggja þarf þeim sem búsett eru í Grindavík viðeigandi grunnþjónustu í samræmi við aðstæður á hverjum tíma. Uppbygging í Grindavíkurbæ mun fara fram í skrefum og taka mið af breytingum á áhættu- og öryggisskilyrðum og íbúapróun. Endurreisn sveitarfélags undir viðvarandi náttúruvá krefst aukins stuðnings og sérfræðipekkingar og er því mikilvægt að styðjast við samstarf við nágrannasveitarfélög og stofnanir sem búa yfir viðeigandi þekkingu og reynslu. Jafnframt þarf að viðhalda virku samstarfi við móttökusveitarfélög til að tryggja að Grindvíkingar sem búa utan bæjarins fái þá þjónustu sem aðstæður þeirra kalla á og stuðlað sé að farsæld þeirra til lengri tíma.

Mikilvægt er að til staðar verði húsnæðismarkaður sem er fær um að mæta þörfum samfélagsins til lengri tíma. Tryggja þarf að framboð á öruggu og viðráðanlegu húsnæði sé nægjanlegt og að uppbygging geti farið hratt og skipulega fram. Ef markaðurinn er veikburða eða ójafnvægi ríkir getur skortur á húsnæði tafið endurreisn, aukið félagslegan ójöfnuð og grafið undan efnahagslegum stöðugleika.

Gagnsæi á húsnæðismarkaði skiptir hér sköpum. Skýr ferli og aðgengilegar upplýsingar draga úr óvissu og stuðla að því að bæði einstaklingar og fyrirtæki geti tekið upplýstar ákvarðanir. Traust er jafnframt grundvallaratriði; ef íbúar treysta ekki stjórnvöldum, fjármálakerfi og seljendum fasteigna er hætta á að endurreisn verði hægari en ella.

Fjölbreytileiki húsnæðismarkaðarins er einnig lykilþáttur í seiglu samfélaga. Með blöndu af eignarformum, s.s. leiguhúsnæði, félagslegu húsnæði og eignaríbúðum, er hægt að tryggja að ólíkir hópar hafi raunhæfan aðgang að húsnæði eftir áföll. Slík fjölbreytni eykur sveigjanleika markaðarins og gerir honum betur kleift að bregðast við skyndilegum breytingum í eftirspurn sem eru algengar í kjölfar náttúruhamfara.

Markaður sem styður við hraða uppbyggingu, dreifir áhættu og tryggir jafnt aðgengi að húsnæði stuðlar að því að samfélög nái sér hraðar og standi sterkari eftir áfallið. Með markvissri stefnumótun, fjárfestingu í öruggum og sjálfbærum byggingum og áherslu á gagnsæi, traust og fjölbreytileika má því byggja upp húsnæðismarkað sem er ekki aðeins hluti af lausninni eftir hamfarir heldur lykilstoð í langtímapróun og öryggi samfélagsins.

Sveitarfélag sem ráði við hlutverk sitt

Markmið endurreisnar er að samfélagið í Grindavík verði á ný öruggt, með trausta innviði og þjónustu. Sú staðreynd að jarðhræringum er hvergi lokið og að óvissustig almannavarna er áfram í gildi setur hins vegar hraða og innihaldi endurreisnar ákveðin takmörk þótt vissulega sé stefnt að því að samfélagið og sveitarfélagið verði sterk og sjálfbær þegar um hægist.

Sveitarfélagsins bíða mörg krefjandi verkefni næstu misseri og ár. Mörg þessara verkefna eru fordæmalaus. Ríkið þarf með ýmsum hætti að koma að því að styðja Grindavíkurbæ á þessari vegferð og í sumum tilvikum þarf ríkið að hafa frumkvæði að stefnumótun og ákvörðunum.

Hefðbundin og lögbundin verkefni sveitarfélagsins, s.s. á sviði skóla- og tómstundamála, velferðarmála (þ.m.t. málefni aldraðra, málefni fatlaðs fólks, barnaverndarmál og fjárhagsaðstoð), skipulags- og byggingarmála, sorphirðu, reksturs gatna, stíga og fráveitu, menningar- og íþróttamála o.s.frv., verða á hendi bæjarstjórnar. Til þess þarf sveitarfélagið að hafa tekjur sem það hefur ekki nú. Umfangi þessara verkefna verður líka að sníða stakk eftir því sem þróun jarðhræringanna með tilheyrandi óvissuástandi gefur svigrúm til.

Þessum verkefnum til viðbótar mun bæjarstjórnin gegna mikilvægu hlutverki við endurreisn samfélagsins eftir náttúruhamfarir. Slík verkefni verða ekki innt af hendi af bæjarfélaginu einu og þar þarf að koma til stuðningur ríkisvaldsins. Við blasir að ríkisvaldið marki sér stefnu varðandi aðkomu að endurreisn Grindavíkur og byggji samskiptin við sveitarfélagið á grunni slíkrar stefnu og með verkefnabundnum samningum.

Endurskoðun aðalskipulags bæjarins þarf að fara fram og taka mið af áhrifum jarðhræringanna, byggja á faglegu áhættumat og ítarlegri jarðkönnun, þ.m.t. utan þéttbýlis, sem ekki hefur farið fram enn sem komið er nema að óverulegu leyti. Ástæða er til að horfa til reynslu frá öðrum löndum að því er varðar skipulag í kjölfar hamfara.²⁵

Öflugt atvinnulíf

Atvinnulíf í Grindavík hefur sýnt mikla seiglu í því mótlæti sem hefur fylgt jarðhræringum og eldgosum. Mikilvægt er að það haldi áfram enda gegnir öflugt atvinnulíf lykilhlutverki í endurreisn samfélaga eftir náttúruhamfarir. Þegar hamfarir skella á raskast efnahagslíf, innviðir skemmast og atvinnuleysi getur aukist. Virkt og sterkt atvinnulíf hjálpar til við að snúa þessari þróun við.

Í fyrsta lagi skapar atvinnulífið störf og tryggir fólki tekjur. Það er grundvallaratriði fyrir einstaklinga og fjölskyldur að geta séð fyrir sér, sérstaklega eftir áföll. Í öðru lagi stuðlar atvinnulífið að uppbyggingu innviða. Fyrirtæki taka oft þátt í endurbyggingu húsnæðis, samgangna og þjónustu. Fjárfestingar einkageirans geta því létt undir með hinu opinbera og hraðað framkvæmdum. Í þriðja lagi eykur öflugt atvinnulíf seiglu samfélagsins. Fjölbreytt atvinnugreinaskipan eins og þekkist í Grindavík dregur úr áhættu og gerir hagkerfið betur í stakk búið til að takast á við áföll í framtíðinni.

²⁵ (Olshansky, 2016)

Nýsköpun, vöruþróun og tækniþróun getur einnig skapað betri lausnir til að fyrirbyggja tjón og byggja upp til framtíðar.

Í heild sinni er öflugt atvinnulíf einn mikilvægasti drifkraftur endurreisnar eftir náttúruhamfarir, þar sem það styður við efnahagslegan stöðugleika, félagslega velferð og framtíðarþróun samfélaga eins og reynsla annars staðar frá og rannsóknir hafa einnig sýnt fram á.²⁶

²⁶ (Mannakkara, Wilkinson, & Potangaroa, Resilient Post Disaster Recovery through Building Back Better, 2018)



Leiðarljós

Viðvarandi óvissa

Ekki er með neinni vissu hægt að segja til um hver þróun verður í atburðum eða tíma. Öll áform um endurreisn þurfa að taka mið af þessu.

Öryggi er grunnforsenda

Öryggi snýr bæði að áþreifanlegum og óáþreifanlegum atriðum. Þetta þarf að hafa hugfast í endurreisnarferlinu.

Farsæld Grindvíkinga

Farsæld, öryggi og stöðugleiki eru mikilvæg leiðarljós ásamt félagslegum tengslum, sameiginlegri reynslu og samstöðu.

Farsæld barna

Áhrif hamfara á börn og ungmenni eru gjarnan langvarandi og víðtæk og geta haft djúpstæð áhrif á sálfélagslega líðan. Í endurreisnarferlinu skal það sem barni er fyrir bestu ávallt haft að leiðarljósi.

Seigla og samfélagsleg sátt

Markmiðið er að leggja grunn að áfallapolnu og sjálfbæru samfélagi til framtíðar.

Uppbygging þjónustu

Styðja þarf við markviss skref í uppbyggingu þjónustu og innviða að teknu tilliti til áhættu- og öryggissjónarmiða og í takt við íbúapróun.

Sterkt sveitarfélag

Ný sveitarstjórn fær krefjandi verkefni í fangið en fleiri þurfa að leggja hönd á plóg. Stjórnvöld þurfa að marka stefnu um aðkomu að endurreisn og samskipti við sveitarfélagið.

Öflugt atvinnulíf

Virkt og sterkt atvinnulíf gegnir lykilhlutverki í endurreisn og styður við efnahagslegan stöðugleika, félagslega velferð og framtíðarþróun samfélagsins.

IV. Meginmálaflokkar

Í þessum kafla er fjallað um nokkra mikilvæga málaflokka í tengslum við endurreisn Grindavíkur. Um er að ræða þá málaflokka sem að mati nefndarinnar hafa mesta þýðingu í tengslum við endurreisn samfélagsins og þurfa að fá sérstaka athygli stjórnvalda, bæði sveitarfélagsins og ríkis, í því endurreisnarferli sem framundan er. Reifuð er staða mála og horfur í einstökum málaflokkum og bent á atriði sem huga þarf sérstaklega að eða betur mega fara. Þá eru undir hverjum málaflokki settar fram ábendingar eða beinar tillögur sem nefndin mælir með að viðeigandi aðilar vinni með áfram. Umfjöllunin er að sjálfsögðu ekki tæmandi en hún byggir þó á margvíslegum gögnum sem nefndin hefur aflað sér og greiningum á þeim gögnum. Einnig er byggt á samtölum við hagaðila og upplýsingum sem þeir hafa veitt nefndinni.

Öryggi og áhætta

Samkvæmt ákvörðun Lögreglustjórans á Suðurnesjum, í samráði við neyðarstjórn Almannavarna, voru leiðir til Grindavíkur lokaðar í kjölfar rýmingar öðrum en þeim sem áttu þangað brýn erindi. Settir voru upp lokunarpóstar á aðkomuleiðum til bæjarins þar sem þurfti að gera grein fyrir sér og þau sem áttu sannarlega erindi til bæjarins og höfðu til þess leyfi komust í gegn. Aðrir þurftu frá að hverfa. Þegar kom að hættustigi eða neyðarstigi var bærinn alveg lokaður. Gat það valdið þeim sem áttu lögmætt erindi til bæjarins óþægindum, t.d. fyrirtækjum sem vildu bjarga verðmætum, s.s. fiski í vinnslu. Fjölskyldur höfðu aðeins mjög takmarkaða möguleika til að sækja eigur sínar.

Aðgangstakmörkunum að Grindavík var aflétt í áföngum eftir því sem lengra leið frá rýmingu. Talið var óhætt í byrjun mars 2024 að heimila starfsfólki að sækja vinnu til Grindavíkur. Með vísan til hættumats Veðurstofunnar var þó áréttað af hálfu Lögreglustjórans á Suðurnesjum að Grindavík væri ekki staður fyrir barnafólk eða börn að leik. Ekki væri mælt með dvöl í bænum næturlangt enda væri ekki hægt að ábyrgjast öryggi.²⁷ Í lok október var öllum takmörkunum aflétt.

Forsenda þess að talið var óhætt að opna fyrir umferð almennings var að áður hafði verið hugað nægilega vel að öryggi innan bæjarins. Þannig voru hættusvæði vegna jarðsprungna afgirt og merkt, í samræmi við niðurstöður úr undangenginni umfangsmikilli könnun á jarðvegi í bænum og nánasta umhverfi hans. Einnig voru mannvirki sem hætta var á að gætu hrunið girt af með öryggisgirðingum. Með þessum aðgerðum og auknum upplýsingum til þeirra sem áttu leið í bæinn var talið ásættanlegt að opna bæinn á óvissustigi. Eftirlit var áfram með umferð um Grindavík til að sporna við því að fólk færi inn á hættusvæði og einnig til að hafa eftirlit með eigum fólks í yfirgefnum húsum. Annaðist Öryggismiðstöðin vöktun bæjarins í umboði Grindavíkurnefndar.

²⁷ (Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, 2024)

Ákvarðanir um aðgangsstýringu í samvinnu við lögreglu er eitt af þeim verkefnum sem Grindavíkurnefnd er falin yfirumsjón með samkvæmt lögum nr. 40/2024, ásamt m.a. könnun á jarðvegi og framkvæmd nauðsynlegra viðgerða á innviðum, götum, stígum og opnum svæðum. Tók nefndin við ábyrgð á þessum verkefnum frá gildistöku laganna 1. júní 2024. Eftir að nefndin lýkur störfum færir ábyrgð á verkefnum aftur til Almanna- varnadeildar ríkislögreglustjóra, Lögreglustjórans á Suðurnesjum eða Grindavíkur- bæjar, eftir því sem við á.

Lög nr. 40/2024 fela nefndinni í samráði við embætti ríkislögreglustjóra að láta vinna áhættumat og birta. Áskilnaður er um að slíkt áhættumat skuli unnið skv. viðurkenndri aðferðafræði. Verkfræðistofan Öruggr hefur annast þetta verkefni í umboði nefndarinnar.

Áhættumatið tiltekur hættur sem eru til staðar og einnig þær mótvægisáðgerðir sem gripið hefur verið til. Matið er uppfært reglulega með hliðsjón af nýjustu upp- lýsingum og alltaf fer fram uppfærsla að loknu eldgosi. Verklag um gerð áhættumats hefur slípast til í ljósi fenginnar reynslu og telur nefndin að tekið hafi verið tillit til ábendinga sem borist hafa frá Grindavíkurbæ, fulltrúum atvinnulífs og öðrum sem gert hafa athugasemdir við áhættumat.

Í umræðu um öryggismál, hættu- og áhættumat er mikilvægt að beina sjónum að hugtakinu „ásættanleg áhætta“. Í reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, nr. 505/2000, er ásættanleg áhætta skilgreind sem „ákvörðuð mörk ásættanlegrar árlegrar staðaráhættu að teknu tilliti til viðveru ...“.²⁸ Í tillögum Veðurstofu Íslands um áhættuviðmið fyrir vatnsflóð er hugtakið skilgreint þannig: „Sú áhætta sem samfélag telur ásættanlega miðað við félags-, efnahags-, stjórn mála-, menningar-, tækni-, og umhverfislegar aðstæður á hverjum stað og tíma. Gjarnan sett sem viðmið í reglugerðir og staðla.“²⁹ Í skýrslu sem unnin var á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um stöðumat og áskoranir varðandi tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvár og kom út árið 2023 er m.a. bent á að á meðan ofanflóðahættumat hafi verið unnið fyrir nánast alla þéttbýlisstaði sem búa við ofanflóðahættu sé eldgosahættumati langt frá því að vera lokið.³⁰ Loks má nefna að starfshópur um stofnun hamfarasjóðs sem skipaður var af umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2015 skilaði skýrslu í ársbyrjun 2016 þar sem lagt er til „að stofnaður verði sérstakur sjóður, svonefndur hamfarasjóður sem hafi það hlutverk að sinna forvörnum og samhæfingu verkefna á sviði forvarna vegna náttúruvár“.³¹

Þrátt fyrir að á undanförunum árum hafi ýmsar tillögur og ábendingar komið fram um að huga þurfi sérstaklega að áhættumati vegna eldgosa og jarðhræringa er enn talsvert í land í þeim efnunum. Þá vekur það athygli að í landi með margs konar náttúruvár

²⁸ (Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, nr. 505, 2000)

²⁹ (Tinna Þórarinsdóttir, 2022-005)

³⁰ (Stjórnarráð Íslands, Náttúruvár - Stöðumat og áskoranir varðandi mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvár, 2023)

³¹ (Stjórnarráð Íslands, Skýrsla starfshóps um stofnun hamfarasjóðs, 2016)

sé ásættanleg áhætta aðeins skilgreind fyrir ofanflóð og sérstakur ofanflóðasjóður fjármagni varnarmannvirki vegna ofanflóða en sambærilegt fyrirkomulag sé ekki til vegna annarrar náttúruvár. Fullt tilefni er til þess að beina því til stjórnvalda að gera bragarbót í þessum efnum.



TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- Gerð ítarlegs áhættumats sem unnið er í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla er mikilvæg til að almenningur geti tekið upplýsta ákvörðun um búsetu eða viðveru á tilteknu svæði. Mikilvægt er að gerð áhættumats sé unnið með sjálfstæðum hætti en ekki undir hagsmunum einstakra aðila eins og heimamanna sjálfra enda kunna stundarhagsmunir að reynast erfiðir viðureignar á hverjum tíma. Það er eftir sem áður mikilvægt að ávallt sé tryggt að allar upplýsingar liggi fyrir með sem skýrustum hætti og þá sérstaklega gætt að aðstæðum á staðnum. Til að þetta sjálfstæði haldist við gerð áhættumats er lagt til að Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra verði falin ábyrgð á gerð áhættumats þegar starfstíma Grindavíkurnefndar lýkur.
- Við allar ákvarðanir um endurreisn bæjarins, uppbyggingu innviða, veitingu þjónustu, atvinnustarfsemi o.s.frv. verða öryggismál að vera í forgrunni. Þá er mikilvægt að skoða hver er ásættanleg áhætta fyrir mismunandi hópa við ólíkar kringumstæður. Draga verður mörk sem setja verður í mismunandi tilfellum og taka það með í áhættumati.
- Tryggja þarf að allar viðbragðs- og rýmingaráætlanir séu virkar og æfðar, merking flóttaleiða sé ávallt skýr og upplýsingamiðlun traust. Allar slíkar áætlanir þarf að sníða að mismunandi hópum. Sérstaklega þarf að huga að fleiri tungumálum og mögulega að auka myndræna framsetningu viðvörunar og leiðbeininga umfram það sem nú er.
- Í ljósi sviðsmynda Veðurstofunnar um hugsanlega atburði á Reykjanesskaga þurfa þar til bær stjórnvöld að vinna viðbragðs- og rýmingaráætlanir til að bregðast við vakni fleiri eldstöðvakerfi á skaganum, jafnvel samtímis.
- Jarðkönnun þarf að fara fram á útivistarsvæðum utan þéttbýlis Grindavíkur. Með aukinni útivist og fjölgun ferðamanna verður að tryggja öryggi á þessum svæðum betur en nú er.
- Lagt er til að stjórnvöld hefji undirbúning að því að koma á áþekku fyrirkomulagi varðandi eldgos og jarðhræringar og aðra náttúruvá eins og gildir vegna ofanflóða, bæði að því er varðar fjármögnun varnartengdra aðgerða, skilgreiningu á ásættanlegri áhættu o.þ.h.

Farsæld og félagsleg staða

Í endurreisnarferlinu þarf farsæld Grindvíkinga að vera leiðarljós í stefnumótun, ákvarðanatöku og framkvæmd aðgerða. Slík nálgun felur í sér að horfa til lífsskilyrða fólks, sálrænnar, félagslegrar og efnahagslegrar velferðar, og þess hvernig félagslegir innviðir og þjónusta geta stutt við stöðugleika og aðlögun við breyttar aðstæður.

Endurreisn Grindavíkur fer fram við sérstakar og langvarandi aðstæður þar sem óvissa um þróun mála er áfram til staðar og aðstæður Grindvíkinga eru ólíkar. Hluti samfélagsins hefur fest rætur annars staðar á meðan aðrir stefna að endurkomu eða búa við tímabundnar lausnir. Þetta kallar á sveigjanlega og markvissa nálgun þar sem tekið er mið af mismunandi stöðu og þörfum.

Þegar bærinn var rýmdur hafði samfélagið í Grindavík þegar búið við langvarandi álag. Í rýnihópakönnun Grindavíkurnefndar kemur skýrt fram að tímabilið fyrir rýmingu sem einkenndist af heimsfaraldri, síendurteknum jarðskjálftum og viðvarandi óvissu hafi haft áhrif á andlega líðan íbúa.³² Rannsóknir benda til þess að slíkt uppsafnað álag geti aukið viðkvæmni gagnvart frekari áföllum.³³ Nú, rúmum tveimur árum síðar, er óvissan enn hluti af daglegum veruleika margra. Slík langvarandi óvissa getur haft veruleg áhrif á andlega og líkamlega heilsu, félagsleg tengsl og almenna velferð, sérstaklega þegar fólk er fjarri sínu upprunalega samfélagi.

Í þessu samhengi liggur fyrir að atburðir í aðdraganda rýmingarinnar og rýmingin sjálf hafa haft veruleg áhrif á líðan og félagslega stöðu Grindvíkinga. Í könnun forsætisráðuneytisins³⁴ og könnun Grindavíkurnefndar³⁵ kemur fram að um sex af hverjum tíu meta andlega heilsu sína lakari en fyrir rýmingu og áhrif á líkamlega heilsu eru einnig merkjanleg. Greiningar embættis landlæknis á heilsugögnum staðfesta þessa þróun og benda til aukningar í kvíða og þunglyndiseinkennum í kjölfar jarðhræringa og rýmingar. Vísbendingar eru um að þróunin hafi að einhverju marki náð meira jafnvægi á síðustu misserum en staða Grindvíkinga er þó enn að mörgu leyti viðkvæm.³⁶ Rannsókn á þolendum snjóflóðanna á Vestfjörðum sýndi að mælanleg einkenni áfallastreitu voru enn til staðar 16 árum eftir atburðinn.³⁷ Þetta undirstrikar að áhrif náttúruhamfara geta verið langvarandi, bæði hvað varðar andlega og líkamlega heilsu, félagsleg tengsl, aðlögun og að bataferli er sjaldnast línulegt. Mikilvægt er að taka mið af þessu langtímasamhengi við skipulagningu þjónustu og stuðnings.

Í áðurnefndum könnunum Grindavíkurnefndar, bæði spurningakönnun og rýnihópum, má sjá að Grindvíkingar meta áhrif rýmingarinnar á félagsleg tengsl og tengslanet sitt allnokkur. Fólk metur félagslegt tengslanet sitt veikara nú en fyrir rýmingu og nánari

³² (Grindavíkurnefnd, Frumniðurstöður rýnihópaverkefnis um líðan og hagi Grindvíkinga, framtíðarsýn þeirra og stöðu, 2026)

³³ (Pescaroli, Suppasri, & Galbusera, 2024)

³⁴ (Forsætisráðuneytið, Íbúakönnun meðal Grindvíkinga, 2025)

³⁵ (Grindavíkurnefnd, Niðurstöður könnunar um viðhorf Grindvíkinga, 2026)

³⁶ (Sigurðardóttir & Möller, 2025)

³⁷ (Þórðardóttir, o.fl., 2016)

greining gagna bendir til þess að lakara tengslanet og verri andleg líðan séu þættir sem haldast í hendur. Þetta endurspeglast í rýnihópakönnuninni, en þar nefna margir einmanaleika, minni stuðning úr nærsamfélagi og söknuð eftir kunnuglegum andlitum sem þá þætti sem mest áhrif hafa á líf þeirra í dag. Þetta gefur tilefni til að líta til félagslegra þátta sem mikilvægs hluta af heildarmynd aðstæðna fólks, samhliða efnislegum þáttum.

Þrátt fyrir þær áskoranir sem fram hafa komið má einnig greina vísbendingar um seiglu og aðlögun samfélagsins. Þrátt fyrir að tengslanet hafi veikst má enn greina verndandi þætti í grindvísku samfélagi, s.s. félagsauð, samheldni og virka þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi.


Niðurstöður könnunar gefa jafnframt vísbendingar um að margir hafi náð ákveðnum stöðugleika í kjölfar rýmingar. Meirihluti svarenda er í launuðu starfi og atvinnuþátttaka er há. Um helmingur svarenda telur sig hafa aðlagast vel í nýju samfélagi og hluti þeirra vill búa áfram á núverandi stað. Könnunin bendir jafnframt til þess að þátttaka barna í íþrótt- og tómstundastarfi sé svipuð og fyrir rýmingu og að meirihluti foreldra telji aðlögun barna sinna að nýjum skóla hafa gengið vel.

Til að skilja mismunandi stöðu og þarfir Grindvíkinga þarf að horfa til ólíkra aðstæðna þeirra í kjölfar rýmingarinnar. Hluti íbúa hefur fest rætur á nýjum stað og kann að þurfa áframhaldandi stuðning við aðlögun, eflingu félagslegra tengsla og aðgengi að þjónustu til lengri tíma. Aðrir hafa hug á að snúa aftur en hafa ekki enn gert það og kunna að þurfa umtalsverðan og sértækan stuðning við endurkomu. Þá eru einnig þeir sem þegar hafa flutt aftur, bæði fyrrum íbúar og nýir íbúar, sem búa við aðrar forsendur og hafa m.a. þörf fyrir skýra upplýsingagjöf og móttöku sem tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni. Þessi fjölbreytta staða endurspeglast í greiningu á gögnum úr íbúakönnun, þar sem notast var við ýti-, dráttar- og festarlíkan (e. *push-pull-mooring*) og flokkunargreiningu, sem greinir hvað ýtir fólki frá núverandi búsetu, hvað dregur það aftur til Grindavíkur og hvaða þættir halda því á núverandi stað. Hins vegar er beitt flokkunargreiningu (e. *latent class analysis*), sem leitast við að greina hvort finna megi ólíka hópa innan hópsins með mismunandi aðstæður og líðan, án þess að gera fyrirfram ráð fyrir skiptingu þeirra. Niðurstöðurnar sýna að ákvarðanir um endurkomu mótask frekar af aðstæðum og líðan fólks en af lýðfræðilegum bakgrunnsbreytum á borð við aldur, kyn eða menntun. Greina má nokkra þætti sem skipta mestu máli, m.a. hversu vel fólk hefur aðlagast nýjum stað, tengsl þess við Grindavík fyrir rýmingu og eignarhald á fasteign í bænum. Niðurstöðurnar sýna að þau sem eiga erfitt með að aðlagast nýju umhverfi eru líklegri til að vilja snúa aftur.³⁸

Dreifð búseta Grindvíkinga um landið hefur jafnframt áhrif á skipulag þjónustu, þar sem stuðningsþarfir eru mismunandi eftir svæðum. Í sumum sveitarfélögum, þar sem fleiri Grindvíkingar hafa sest að, má samkvæmt könnun Grindavíkurnefndar greina að

³⁸ Sjá skýrslu Alþjóðabankans.

þörf fyrir sálrænan stuðning sé meiri, tengslanet veikara og aðlögun hægari, þá einkum á Reykjanesskaga. Þar sem um tveir af hverjum þremur þeirra sem rýmdu hafa sest að á skaganum, og í ljósi áframhaldandi óvissu, er tilefni til að líta á hann sem samhangandi þjónustusvæði við skipulagningu stuðnings.



Á sama tíma hefur íbúasamsetningin í Grindavík sjálfri tekið breytingum. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang hefur aukist úr um fimmtungi fyrir rýmingu í um 30% nú, sem bendir til breyttra þjónustubarfa og aukinnar þarfar fyrir aðlögun að þjónustukerfum. Fyrirliggjandi upplýsingar sýna að nú eru 124 einstaklingar skráðir í Grindavík sem ekki höfðu búið þar fyrir rýmingu. Um 74% þeirra eru erlendir ríkisborgarar. Meirihluti er karlar og flestir á vinnufærum aldri. Flestir hafa flutt þangað sem einstaklingar fremur en með fjölskyldu. Þetta bendir til þess að það samfélag sem nú er að mótask í Grindavík kunni að vera að einhverju leyti frábrugðið því sem brottfluttir íbúar þekktu áður. Sú þróun sem lýst hefur verið hér að framan er víða þekkt í kjölfar hamfara, þar sem atvinnu- og húsnæðistækifæri laða að nýja íbúa. Hún getur skapað ný tækifæri en jafnframt aukið á félagslegar áskoranir, sérstaklega ef nýir íbúar hafa takmarkaða þekkingu á aðstæðum eða fá ekki markvissan stuðning og upplýsingar. Alþjóðleg reynsla bendir til þess að án markvissrar skipulagningar geti slík þróun leitt til nýrra veikleika, s.s. tungumálhindrana og dregið úr viðbragðsgetu, sem hefur í för með sér auknar áskoranir fyrir samfélagið í heild.

Með hliðsjón af framangreindu er mikilvægt að tryggja samfelldan og aðgengilegan stuðning og þjónustu fyrir Grindvíkinga, þjónustan þarf að styrkja félagslegt öryggisnet og taka mið af ólíkum aðstæðum og þörfum fólks.

TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- Tryggja þarf skipulagða og mælanlega eftirfylgni með félagslegum áhrifum hamfaranna, þannig að hægt sé að greina breytingar í þjónustupörf og bregðast við þeim á markvissan hátt.
- Þar sem áhrif rýmingarinnar kunna að vara lengi er nauðsynlegt að tryggja samfellu í sálrænum og félagslegum stuðningi til lengri tíma. Við frekari stefnumótun og þróun stuðningsúrræða þarf að gæta sérstaklega að þörfum þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu, þar á meðal barna, ungmenna og aldraðra, sem og þeirra sem íhuga endurkomu til Grindavíkur.
- Styrkja þarf markvisst þær leiðir sem stuðla að félagslegum tengslum Grindvíkinga, bæði sín á milli og við nýtt samfélag á búsetustað, enda geta slík tengsl verið lykilþáttur í bata og aðlögun til lengri tíma. Ástæða er jafnframt til að huga sérstaklega að þeim sem búa við veikt tengslanet og eiga í erfiðleikum með aðlögun, enda sýna gögn að þessi hópur er í mestri hættu á að líðan versni til lengri tíma.



Skólamál og farsæld barna

Fyrirliggjandi gögn sýna að rýmingin hefur haft áhrif á velferð barna. Nýleg rannsókn sýnir að grindvísk börn upplifa minni lífsánægju, veikari tengsl við skóla og fleiri sálræna og líkamlega kvilla en jafnaldrar þeirra á landsvísu.³⁹ Í könnun Grindavíkurnefndar kemur jafnframt fram að rúmur þriðjungur foreldra metur andlega heilsu barna sinna lakari eftir rýmingu.

Rannsóknir í kjölfar snjóflóða á Íslandi hafa sýnt að meðal sterkustu forspárþátta langtímaáhrifa áfallastreituröskunar meðal barna eru skortur á félagslegum stuðningi og áfallatengd viðbrögð umönnunaraðila.⁴⁰ Sterkar vísbendingar eru um tengsl milli líðanar barna og aðstæðna foreldra, einkum þar sem andleg heilsa eða tengslanet foreldris er veikt. Þetta undirstrikar að stuðningur við foreldra er mikilvægur þáttur í velferð barna, ekki síður en bein þjónusta við börnin sjálf.

Niðurstöður könnunar Grindavíkurnefndar benda til þess að aðlögun barns að nýjum skóla kunni að vera einn þeirra þátta sem sterkast tengjast líðan þess eftir rýmingu, jafnvel fremur en búsetuáðstæður, fjöldi flutninga eða önnur félagsleg þátttaka. Meðal þeirra barna sem áttu erfitt með aðlögun meta foreldrar líðan barns síns verri en fyrir rýmingu. Foreldrar barna sem hafa eignast vini í nærumhverfi eftir rýmingu virðast líklegri til að meta líðan barna sinna óbreytta eða betri, og þátttaka í skipulögðu tómstundastarfi styður við aðlögun.

Skólinn hefur mikilvæga þýðingu sem verndandi þáttur í kjölfar hamfara. Rof á samfellu í skólagöngu einkum, ef það verður ítrekað, getur haft áhrif á öryggi og stöðugleika barna og leitt til uppsafnaðra áhrifa með tímanum. Alþjóðleg reynsla bendir til þess að endurtekin áföll geti haft neikvæð og langvarandi sálræn áhrif á börn. Þar má nefna dæmi frá Montserrat sem sýna að endurteknar rýmingar, jafnvel án beins líkamlegs tjóns, geta haft neikvæð og langvarandi áhrif.⁴¹ Rannsóknir benda jafnframt til þess að síðara áfall geti haft meiri neikvæð áhrif en ef það hefði staðið eitt og sér.⁴²

Í ljósi þessa er mikilvægt að gæta sérstakrar varfærni við ákvarðanir um endurkomu og skólastarf. Niðurstöður könnunar nefndarinnar sýna að meðal foreldra sem hyggjast snúa aftur til Grindavíkur meta 53% líðan barns síns verri eftir rýmingu, samanborið við 35% í heildarúrtaki.⁴³ Um er að ræða þann hóp sem líklegastur er til að byggja upp daglegt líf í bænum á ný og gögnin benda til þess að börn í þessum hópi kunni að vera sérstaklega viðkvæm fyrir frekara álagi ef aðstæður verða óstöðugar.

Ákvarðanir um skólastarf í Grindavík geta jafnframt haft víðtæk áhrif á búsetuákvarðanir fjölskyldna og fest í sessi skuldbindingar sem erfitt getur reynst að snúa við. Það er því mikilvægt að slíkar ákvarðanir byggji á skýrum viðmiðum um ásættanlega áhættu og faglegu mati.

³⁹ (David Reimer, Juuso Repo, & Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2026)

⁴⁰ (Þórðardóttir, o.fl., 2016)

⁴¹ Sjá skýrslu Alþjóðabankans.

⁴² (MacFarlane & Van Hooff, 2009)

⁴³ (Grindavíkurnefnd, Niðurstöður könnunar um viðhorf Grindvíkinga, 2026)

TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- Félagsleg staða og líðan barna eftir rýmingu kallar á samræmda og markvissa íhlutun. Tryggja þarf kerfisbundna eftirfylgni með stöðu þeirra til lengri tíma.
- Tryggja þarf öryggi barna og draga úr hættu á líkamlegum og andlegum skaða, með samræmdri samvinnu allra hagaðila.
- Í farsældarlögum er kveðið á um starfsemi svæðisbundinna farsældarráða sem hafa það hlutverk að eiga samráð um farsæld barna á sínu svæði og gera áætlun um forgangsöröðun aðgerða. Farsældarráðin geta þannig gegnt mikilvægu hlutverki sem formlegt verkfæri í málefnum barna á hamfarsvæðum og komið að eftirfylgni með stöðu og stuðningi grindvískra barna.
- Ákvarðanir um enduopnun skóla í Grindavík skulu teknar með hagsmuni og velferð barna að leiðarljósi. Ekki er mælt með að skólastarf hefjist í bænum fyrr en áhættumat gefur tilefni til.



Félagsstarf, menning og íþróttir

Samfélagsleg samheldni er ekki sjálfgefin afleiðing endurreisnar eftir náttúruhamfarir heldur krefst hún markvissrar uppbyggingar og fjárfestingar. Rannsóknir á hamförum sýna að samfélög sem búa yfir sterkum félagsauði og nánum tengslum ná fyrir bata, óháð stærð hamfaranna, og reiða sig síður á utanaðkomandi aðstoð.⁴⁴ Þegar samfélag nær að halda í sameiginleg gildi, samstöðu og tilfinningu fyrir sameiginlegu hlutverki aukast líkur á farsælli aðlögun og betri langtímahorfum.⁴⁵ Frístundastarf, íþróttafélög, menningarstarf og samfélagsviðburðir gegna þar lykilhlutverki og skapa vettvang fyrir fólk til að hittast, viðhalda tengslum og styrkja samkennd í samfélögum sem hafa orðið fyrir röskun.

Rýnihópaverkefni nefndarinnar gefur innsýn í þýðingu þessa starfs. Þátttakendur lýsa söknuði eftir samfélaginu í Grindavík, ekki húsunum eða sérstökum stöðum, heldur félagslegum tengingum, nálægð við vini og ættingja og því að þekkja andlit á förnum

⁴⁴ (Aldrich, 2012)

⁴⁵ (Milofsky, 2023)



vegi. Þátttaka í tómstundum og félagsstarfi er ítrekað nefnd og þau þétu tengslanet sem einkenndu samfélagið hafa raskast við rýminguna. Körfuboltalið Grindavíkur er nefnt sem dæmi um sameinandi afl og margir lýsa því hvernig tengingin við samfélagið styrkist við að mæta á viðburði.

Könnun Grindavíkurnefndar sýnir að samfélagsleg þátttaka hefur dregist verulega saman eftir rýminguna. Fyrir rýmingu tók um helmingur íbúa þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi en í síðustu könnun var þátttakan komin niður í um fjórðung. Staða barna er þó að nokkru leyti frábrugðin. Um 70% barna stunda íþróttir eða tómstundastarf, svipað og fyrir rýmingu, og meirihluti hefur eignast nýja vini.

Íþrótt- og félagavettvangur Grindavíkur hefur gegnt mikilvægu hlutverki í því að viðhalda samfélagslegum tengslum og samfélagslegri sjálfsmynd Grindvíkinga í kjölfar rýmingarinnar. Ungmennafélag Grindavíkur, Ungmennaráð Grindavíkur, Kvenfélag Grindavíkur, Kvennakór Grindavíkur, Félag eldri borgara, Golfklúbburinn, björgunarsveitin Þorbjörn og slysavarnadeildin Þórkatla hafa öll haldið tengslum Grindvíkinga við sitt samfélag lifandi þrátt fyrir dreifða búsetu og langvarandi óvissu. Kirkjan hefur jafnframt gegnt mikilvægu hlutverki sem samkomustaður og kirkjulegar athafnir og samkomur hafa skapað tækifæri fyrir íbúa til að koma saman við bæði gleðileg og erfið tilefni.

Mikilvægt er að viðhalda félagslegum tengslum í samfélögum sem hafa orðið fyrir langvarandi röskun. Markmið slíkra viðburða er annars vegar að styrkja samfélagsanda og viðhalda tengslum milli íbúa sem nú búa á mismunandi stöðum og hins vegar að halda lifandi tengingu við Grindavík sem heimabæ óháð því hvort Grindvíkingar hyggjast snúa aftur til búsetu þar til lengri tíma. Kirkjan hefur einnig gegnt mikilvægu hlutverki sem samkomustaður og vettvangur félagslegs stuðnings. Kirkjulegar athafnir og samkomur hafa áfram verið mikilvægur hluti af samfélagslífi Grindvíkinga og skapað tækifæri fyrir íbúa til að koma saman við bæði gleðileg og erfið tilefni.

Grindavíkurbær hefur einnig lagt ríka áherslu á að viðhalda tengslum milli íbúa með ýmiss konar viðburðum og samverustundum. Menningarstarf hefur jafnframt haft mikilvægt gildi í þessu samhengi sem hefur skapað tækifæri fyrir íbúa til að koma saman og viðhalda samfélagslegri sjálfsmynd sinni þrátt fyrir að samfélagið sé nú dreift.

TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- **Efla þarf íþrótt- og félagsstarf, menningu og skipulagðar samverustundir til að viðhalda tengslum og styðja við félagslega þátttöku Grindvíkinga. Stuðningur við þessa þætti gegnir lykilhlutverki í að stuðla að farsæld og styðja við endurreisn samfélagsins.**

Innviðir og veitukerfi

Innviðir eru þau kerfi sem gera daglegt líf, þjónustu og atvinnustarfsemi mögulega og ná þeir til allra tæknilegra þátta, s.s. samgöngukerfa, veitna, fjarskipta og orkuöflunar.

Sprunguhreyfingar í nóvember 2023 og sprunguhreyfingar og eldgos í janúar 2024 ollu verulegum skemmdum á lagnakerfum í jörðu innan Grindavíkur, með þeim afleiðingum að rafmagn, hiti og neysluvatn fór af flestum húsum í bænum. Einnig urðu töluverðar skemmdir á fráveitu bæjarins. Eftir þessa atburði hafa nánast engar skemmdir orðið á lagnakerfum innan Grindavíkur.

Stofnlögn hitaveitu HS Veitna til Grindavíkur varð náttúruhamförunum að bráð í desember 2023 og í mars 2024 varð endurnýjuð stofnlögn hitaveitunnar undir nýju hrauni. Nýja stofnlögnin er þó á fullum afköstum. Fylgst er með virkni hennar eins og kostur er en ljóst er að hún er berskjölduð þar sem einangrun og hlífðarkápa er löskuð eða með öllu ónýt. Þörf verður á endurnýjun stofnlagnar sem liggur undir hrauni.

Raflínur frá Svartsengi til Grindavíkur hafa ítrekað rofnað eða orðið fyrir tjóni frá því í nóvember 2023. HS Veitur lögðu bráðabirgðarafstreng í austurhlíð Þorbjarnar og þaðan yfir hraun 2025. Þörf verður á að koma strengnum sem liggur ofan jarðar í jörð þegar atburður er yfirstaðinn. Einnig er búið að leggja í jörð varanlegan varaafsstreng á svonefndri Arfadalsleið vestan Þorbjarnar. Þessir strengir tryggja fullnægjandi afhendingargetu til íbúa og atvinnulífs í bænum að svo stöddu.

Mikið tjón varð á vatnsveitu Grindavíkur í janúar 2024. Vatni var komið á aftur til bæjarins með því að bráðabirgðavatnslögn var dregin undir glóandi hraun í gegnum asbestpípu sem hafði verið aflögð. Kalt vatn er nú fengið úr vatnsbóli í Lágum en vegna hættu á að það svæði spillist vegna eldsumbrota er þörf á varavatnsbóli töluvert brýn. Borun eftir neysluvatni hófst á Vatnsheiði í febrúar 2026 en gert er ráð fyrir að sú staðsetning henti fyrir framtíðarvatnsból bæjarins. Reynist svo vera þarf að leiða vatn þaðan til Grindavíkur og í nýja aðveitustöð við Grindavíkurveg innan varnargarða.

Ástand fráveitu bæjarins er að mestu gott. Samhliða viðgerðum vegna náttúruhamfara hefur Fráveita Grindavíkur haldið áfram með umbætur á fráveitunni. Uppbyggingu á dælustöðinni við Seljabót er að ljúka, sem er mikilvægur hlekkur í fráveitukerfinu inni á hafnarsvæðinu ásamt því að vera mótvægisáðgerð vegna mögulegra flóða. Grindavíkurbær stefnir á að ljúka framkvæmdaáætlun vegna fráveitu á næstu 10 árum og er miðað við að sveitarfélagið fjármagni sjálft framkvæmdir með stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Það setur þó strik í reikninginn að tekjur af fráveitugjöldum hafa lækkað umtalsvert vegna undanþágu Fasteignafélagsins Þórkötlu frá greiðslu fasteignagjalda.

Rekstur gatnalýsingar Grindavíkurbæjar hefur orðið fyrir litlum truflunum. Búið er að LED-væða og endurnýja allt stýrikerfi gatnalýsingarkerfis Grindavíkurbæjar. Götu-lýsingarkerfi Vegagerðarinnar er eitthvað meira tjónað.

Á vegum Grindavíkurnefndar er nú unnið skv. aðgerðaáætlun 2 vegna viðgerða á innviðum innan þéttbýlis í Grindavík. Snýr það fyrst og fremst að því að loka jarðsprungum í bænum með tilheyrandi yfirborðsfrágangi. Í þeim viðgerðum er hugað að lögnum veitufyrirtækja. Gert er ráð fyrir að þessum framkvæmdum verði lokið snemma árs 2027.

Stærstu einstöku tjón á eignum bæjarins eru altjón á knattspyrnuhúsinu Hópinu og tjón á hafnarmannvirkjum. Einnig varð umtalsvert tjón á báðum grunnskólum og aðveitustöð vatnsveitu fór undir hraun. Nokkuð var um að eignir bæjarins væru ekki tryggðar eða undirtryggðar og mun Náttúruhamfaratrygging Íslands því ekki bæta allt eignatjón sem bærinn varð fyrir. Viðgerðir á mannvirkjum bæjarins hafa gengið vel og er allt útlit fyrir að viðgerðum á grunnskólanum við Ásabraud ljúki í vor. Ný aðveitustöð vatnsveitu er risin í stað aðveitustöðvar sem fór undir hraun. Viðgerðum á ípróttamannvirkjum er að mestu lokið, að frátöldu Hópinu sem er altjónað. Viðgerð stendur yfir á slökkvistöð og mun henni ljúka á árinu. Grindavíkurhöfn er vel starfhæf þótt viðgerðir muni þurfa að fara fram á næstu árum, m.a. til að bregðast við sigi á höfninni, en þess má vænta að tryggingabætur standi undir þeirri viðgerð ásamt stuðningi úr Hafnabótasjóði.

Að reka slökkvilið er afar krefjandi verkefni við þær fordæmalausur aðstæður sem Grindavíkurbær hefur búið við. Fáir búa í bænum en til staðar er byggð sem getur rúmað tæplega 4.000 manna bæjarfélag. Með samningi milli ríkisins og sveitarfélagsins hefur verið tryggt fjármögnun til 31. desember 2026, sem veitir forsendur til þess að útkallseining verði staðsett í Grindavík allan sólarhringinn. Auk hefðbundinna verkefna slökkviliðs annast slökkvilið Grindavíkurbæjar eftirlit með öryggi í bænum, sem áður var á hendi verktaka, auk fleiri verkefna sem tengjast náttúruhamförunum. Felst veruleg hagræðing í þessu fyrirkomulagi ásamt því að ef kemur til rýmingar bæjarins er viðbúnaður meiri og betri en áður.

TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- Tryggur rekstur innviða og grunnþjónustu er ein af meginforsendum þess að endurreisn Grindavíkur geti gengið upp til lengri tíma. Brýnt er að veitukerfi bæjarins – raforka, heitt vatn, vatnsveita, fráveita og fjarskipti – séu starfhæf á meðan á óvissuástandi stendur og að markvisst sé unnið að því að færa þau í varanlegt og sjálfbært rekstrarform þegar aðstæður leyfa. Þó að ábyrgð á uppbyggingu og rekstri hvíli fyrst og fremst á viðkomandi veitufyrirtækjum er mikilvægt að ríki og sveitarfélag tryggi skýra forgangsöröðun, samræmingu og stuðning við nauðsynlegar framkvæmdir.
- Sérstök áhersla þarf að vera á að efla raforkuinnviði á svæðinu. Núverandi fyrirkomulag uppfyllir ekki þau viðmið um afhendingaröryggi sem almennt gilda á landinu. Nauðsynlegt er að styrkja stofnkerfi raforkuflutninga með uppbyggingu nýrrar flutningsleiðar frá Svartsengi til þéttbýlis Grindavíkur, sem er á ábyrgð Landsnets. Slík uppbygging myndi auka verulega rekstraröryggi og draga úr viðkvæmni kerfisins. Jafnframt er mikilvægt að koma á hringtengingu raforkuflutninga á svæðinu, þannig að fleiri en ein flutningsleið tryggi afhendingu rafmagns til bæjarins. Með því er dregið úr líkum á rofi og aukinn viðnámsþróttur samfélagsins gagnvart áföllum tryggðum.
- Afhendingaröryggi raforku til atvinnustarfsemi þarf að bæta. Sérstaklega á þetta við um fiskeldi vestan þéttbýlis Grindavíkur, þar sem núverandi staða er ófullnægjandi. Fyrirséð er að umsvif í fiskeldi geti aukist verulega á næstu árum og því er mikilvægt að tryggja stöðuga og örugga raforkuafhendingu til þeirra fyrirtækja. Slík uppbygging styður ekki aðeins við atvinnuþróun heldur einnig við fjölbreytni í efnahagslífi svæðisins.
- Mikilvægt er að framkvæmdir við nýtt vatnsból Grindavíkur haldi áfram af fullum þunga og ljúki ásamt nauðsynlegum flutningsleiðum og tengingum. Traust vatnsöflun er forsenda bæði heimila og atvinnulífs, ekki síst matvælavinnslu sem er meðal undirstöðuatvinnuvega bæjarins. Tryggja þarf nægjanlegt magn, gæði og afhendingaröryggi vatns til langs tíma.

Vernd mikilvægra innviða

Í frumvarpi til nýrra heildarlaga um almannavarnir,⁴⁶ sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er að finna áherslur sem endurspeгла ágætlega áskoranir vegna jarðhræringa á Reykjanesi. Þannig koma inn ný ákvæði um ómissandi innviði sem fela m.a. í sér nýjar skyldur fyrir rekstraraðila slíkra innviða á sviði almannavarna. Í frumvarpinu felst einnig almennt aukin áhersla á að auka áfallapol og að greina og meta áhættu. Í áhættumati felst að ákvarða umfang og eðli áhættu og/eða áhættupátta, þar á meðal greina óæskilegan atburð, ákvarða áhættuviðmið, meta líkur hans og umfang afleiðinga, auk óvissu sem fylgir matinu.

Að áliti nefndarinnar eru þessar lagabreytingar til þess fallnar að styrkja laga- og stjórnsýslulegan ramma um rekstur og vernd mikilvægra innviða samfélagsins. Ábendingar um slíka þörf hafa komið fram í opinberum skýrslum á undanförunum árum og reynslan af hamförunum undirstrikar mikilvægi þess að slík umgjörð sé skýr, traust og til þess fallin að styðja við öruggan rekstur samfélagslegra innviða til framtíðar.⁴⁷

Í frumvarpinu er að finna nýjan kafla sem fjallar um endurreisn. Nefndin tekur undir ábendingar sem fram hafa komið í umsögnum um þann kafla frumvarpsins, þar sem bent er á að þörf sé fyrir ítarlegri ákvæði um endurreisn. Tilefni er til að kveða skýrt á um að ríki og sveitarfélög þurfi að standa sameiginlega að endurreisn samfélaga og að tryggja þurfi breiða aðkomu ríkisstofnana, sveitarfélaga og fleiri lykilaðila að endurreisn samfélaga, enda er óraunhæft að ætla sveitarfélögunum einum að axla þá ábyrgð. Nefndin telur einnig tilefni til að lýsa verulegum efasemdum um að það sé rétt nálgun að setja það alfarið á ábyrgð Sambands íslenskra sveitarfélaga að útbúa leiðbeiningar um gerð viðbragðsáætlana fyrir sveitarfélög um hvernig staðið verði að endurreisn, þótt sambandið geti verið mikilvægur þátttakandi í slíkri vinnu.

Reynslan hefur sýnt að bygging varnarmannvirkja við Svartsengi og Grindavík forðaði alvarlegu eignatjóni. Sú aðgerð var byggð á sérstökum lögum um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga, nr. 84/2023, og lenti allur kostnaður við verkefnið á ríkissjóði en hluti þess kostnaðar endurheimtist á grundvelli tímabundinnar heimildar til að leggja svonefnt forvarnagjald á allar húseignir í landinu. Í lögunum voru ákvæði sem viku til hliðar lögbundnum leyfisveitingaferlum vegna almannavarnahagsmuna og reyndi á þær heimildir vegna varnargarða, vegagerða, veitumannvirkja og fleiri nauðsynlegra aðgerða í almannapágu. Almenn heimild til ákvarðana um byggingar varnarmannvirkja og leyfisveitingar vegna þeirra er hvergi í lögum og er engin tillaga gerð um slík ákvæði í frumvarpi til laga um almannavarnir. Að áliti nefndarinnar er ríkt tilefni til að hugað verði að skýrari lagaumgjörð um viðbrögð við bráðri hættu vegna náttúruhamfara sem stuðlað gæti að skjótu viðbragði við sambærilegar aðstæður síðar.

⁴⁶ (Frumvarp til laga um almannavarnir, 2025-2026)

⁴⁷ (Dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið, 2025); (Skýrsla um mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum, 2022-2023)

TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- Stjórnvöld hafi frumkvæði að því að skýra og skerpa lagagrundvöll varðandi endurreisn samfélaga í kjölfar náttúruhamfara og nýti í því sambandi reynslu innanlands, skýrslur sem komið hafa fram á undanförunum árum í kjölfar hamfara, reynsluna frá Grindavík og alþjóðalega reynslu, m.a. Alþjóðabankans.
- Stjórnvöld hugi að skýrari lagaumgjörð um viðbrögð við bráðri hættu vegna náttúruhamfara.



Húsnæðismál

Fasteignamarkaður í Grindavík hefur eins og vænta mátti tekið miklum breytingum í kjölfar rýmingar bæjarins. Allar forsendur til eðlilegra markaðsviðskipta með húsnæði eru tímabundið brostnar en munu lagast eftir því sem draga mun úr þeirri óvissu sem nú er. Mest áhrif á markaðinn hafa orðið í kjölfar setningar laga, nr. 16/2024, um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík, og samnefndrar reglugerðar, nr. 311/2024, og varðar stofnun Fasteignafélagsins Þórkötl ehf.⁴⁸ Þórkatla er fjármögnuð annars vegar með yfirteknum lánum frá viðskiptabönkunum og hins vegar með lánsfé og eiginfjárframlagi ríkisins. Nam kaupverð eignanna tæpum 73 milljörðum króna.

Stofnun Þórkötl e hf. og kaupþilboð félagsins var umfangsmesta björgunaraðgerð ríkisins vegna þeirra náttúruhamfara sem urðu í Grindavík í lok árs 2023. Með þessum kaupum var Grindvíkingum gert kleift að koma sér varanlega fyrir annars staðar. Þessi björgunaraðgerð heppnaðist einstaklega vel. Hún er hins vegar gríðarlega umfangsmikil og hver raunverulegur kostnaður verður ræðst af því hversu vel gengur að selja eignir eftir að óvissustigi er aflétt. Árangur hennar kemur heldur ekki að fullu í ljós fyrr en vitað verður hvernig fólkinu sem aðgerðin beindist að muni reiða af. Ekki er vitað til þess að stjórnvöld annars staðar í heiminum hafi gripið til sambærilegrar björgunaraðgerðar og þessarar, þ.e. með stofnun einkahlutafélags sem kaupir nær allt húsnæði og selur svo eða leigir síðar, þótt ýmis dæmi séu um að stjórnvöld hafi keypt upp húsnæði á hættusvæðum í því augnamiði að koma íbúum varanlega fyrir annars staðar.⁴⁹ Með sama hætti og stofnað var til Þórkötl e hf. sem björgunaraðgerðar þarf að fylgja því eftir til enda með því að ráðstöfun húsnæðis taki mið af því að það sé grundvöllur lífsviðurværis frekar en fasteignaviðskipti.

Um 1.200 íbúðareiningar eru í bænum. Þórkatla hefur keypt 959 af þeim eignum. Það eru tæp 74% flatarmáls íbúðarhúsnæðis í bænum. Miðaðist kaupverð við 95% af brunabótamati og er kaupréttur fyrrum eigenda á sama hlutfalli brunabótamats á hverjum tíma. Fyrrum eigendum hefur staðið til boða að gera svonefnda hollvinasamninga við Þórkötl e hf. og geta þeir á grundvelli slíks samnings haft afmörkuð not af eigninni gegn því að sinna umhirðu eignar og lóðar. Um helmingur þeirra sem gert hafa hollvinasamning hefur einnig gert dvalarsamning við Þórkötl e hf. Af hálfu Þórkötl e hf. hefur verið ákveðið að þessi réttur standi öllum fyrrum eigendum til boða ef hús er í nothæfu ástandi.

Markaðsaðstæður með fasteignir í Grindavík eru erfiðar. Verðmyndun eigna á markaði er óljós og fjármögnun með lánsfé er ekki til staðar. Þetta á bæði við um atvinnuhúsnæði og markað með íbúðarhúsnæði. Þessari óvissu og hindrunum þarf að ryðja úr vegi. Hagstæðustu ráðstöfun húsnæðis í bænum verður ekki náð nema með skilvirkum markaði.

Þórkatla hefur haft til skoðunar að hefja söluferli íbúðarhúsnæðis til fyrrum eigenda og geti þeir þá hafið búsetu þar. Ýmsar áskoranir eru við útfærslu á þessu. Það er hins

⁴⁸ (Lög um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík nr. 16, 2024); (Reglugerð um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík nr. 311, 2024)

⁴⁹ (Phillips & Mincin, 2023)

vegar ekki ástæða til annars en að fullorðið fólk sem tekur upplýsta ákvörðun um að búa í Grindavík geti gert það. Full ástæða er samt til að það tryggi að það eigi í önnur hús að venda ef kemur til rýmingar í lengri eða skemmri tíma. Við ákvarðanir um búsetu á svæðinu er mikilvægt að taka mið af þeirri óvissu sem enn ríkir og tryggja að hagsmunir barna séu hafðir að leiðarljósi.

Mjög líklega verður talsverður hluti þeirra sem byggja Grindavík til frambúðar fólks sem ekki hefur búið þar áður. Þessi hópur þarf að hafa möguleika á að festa sér húsnæði, hvort heldur er til kaups eða leigu.

Markaður með atvinnuhúsnæði hefur ekki verið virkur. Lítilsháttar viðskipti hafa verið með atvinnuhúsnæði frá rýmingu. Eitthvað er um leigusamninga, ýmist vegna þess að fyrirtæki í bænum hafa verið að bæta við sig húsnæði eða nýr rekstur sem sér tækifæri til starfsemi í Grindavík.

Í kjölfar náttúruhamfara er mikilvægt að skoða skipulagsmál sveitarfélaga vandlega. Tryggja verður að brugðist sé við veikleikum sem voru í fyrra skipulagi. Í Grindavík snýr það fyrst og fremst að því að ekki verði byggt á þekktum sprungum og að skilgreind verði helgunarsvæði í grennd við sprungur þar sem byggingar verði ekki leyfðar. Þessi vinna er hafin á vegum Grindavíkurbæjar.

Frá rýmingu hefur opinberu fasteignamati útgefnu af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verið haldið óbreyttu. Var það gert með vísan til þess að ekki væru viðskipti með fasteignir í Grindavík og því óljóst við hvað skyldi miða við útreikning fasteignamats. Útgefið fasteignamat er ekki aðeins vísbending um markaðsverð heldur einnig grundvöllur álagningar fasteignagjalda og mikilvæg forsenda fyrir ákvörðun um fjármögnun í fasteignakaupum. Það er óheppilegt og dregur úr gagnsæi markaða að svo mikilvægur mælikvarði sem þessi sé ekki nothæfur með þeim hætti sem honum er ætlað.

Gera má ráð fyrir að fasteignamarkaður í Grindavík verði áfram þungur á meðan óvissu-ástand vegna náttúruhamfara varir.

TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- Ekkert er því til fyrirstöðu að fullorðið fólk taki sér búsetu í Grindavík enda hafi það full tök á að kynna sér aðstæður og áhættu og geti rýmt ef aðstæður krefjast þess. Að því er varðar barnafjölskyldur er sérlega mikilvægt að taka mið af þeirri óvissu sem enn ríkir og tryggja að hagsmunir barna séu hafðir að leiðarljósi.
- Þórkatla og aðrir eigendur íbúðarhúsnæðis geta boðið húsnæði til sölu eða leigu en þó með þeim fyrirvara að enn er óvissuástand. Þau sem búi í bænum hafi þá tekið um það upplýsta ákvörðun og hafi aðstæður til að rýma ef þess gerist þörf. Fólk sem tekur upp búsetu þarf einnig að hafa aðstæður til að hverfa annað um lengri eða skemmri tíma ef þeir atburðir verða í Grindavík sem kalla á rýmingu.
- Virkum og traustum húsnæðismarkaði þarf að koma sem fyrst á fót í Grindavík, bæði hvað varðar íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Slíkur markaður er forsenda þess að íbúar, fyrirtæki og fjárfestar treysti sér til að snúa aftur og byggja upp starfsemi á ný. Mikilvægt er að eyða allri óvissu um tryggingavernd, þannig að ljóst sé að eignir séu nægjanlega tryggðar gegn framtíðaráföllum. Jafnframt þarf að skapa skilyrði fyrir fjármálakerfið til að taka virkan þátt, þannig að bankar séu reiðubúnir að veita lán til fasteignakaupa og uppbyggingar. Gagnsæi á markaðnum er þar lykilatriði; skýrar upplýsingar um verð, áhættu, tryggingar og opinber úrræði auka traust og stuðla að eðlilegri verðmyndun. Með því að tryggja virkan markað, aðgengi að fjármögnun og traustan ramma utan um eignir er jafnframt verið að styðja við eignamyndun heimila og fyrirtækja, sem er ein af undirstöðum stöðugleika og langtímavelferðar í samfélaginu.

Atvinnulíf

Einstakar náttúruauðlindir eru undirstaða reksturs öflugra fyrirtækja í Grindavík. Umsvif atvinnurekstrar fyrir náttúruhamfarir voru langt umfram það sem íbúafjöldi bæjarins gaf tilefni til. Í bænum starfa nokkur öflug sjávarútvegsfyrirtæki enda er stutt í gjöful fiskimið. Í Svartsengi eru öflug fyrirtæki í ferðaþjónustu og orkuvinnslu, sem nýta jarðhita á svæðinu til verðmætasköpunar. Á undanförunum árum hefur verið að byggjast upp fiskeldi í grennd við Grindavík, sem sækir í grunnvatn sem hentar vel til landeldis. Í Grindavík starfa jafnframt mörg fyrirtæki í iðnaði og þjónustu af ýmsum toga.

Mikill samdráttur varð í starfsemi sumra fyrirtækja eftir rýmingu, einkum þó fyrirtækja sem byggja á þjónustu við íbúa og ferðamenn. Til að takast á við breyttar kringumstæður hafa fyrirtækin eftir öryggisviðbragð, lagað sig með ýmsum hætti að því að starfsmenn búa nú flestir utan bæjarins og aðlagð vöruframboð nýjum aðstæðum. Umsvif í rekstri flestra fyrirtækja hafa verið að aukast frá rýmingu og er allnokkur hluti þeirra með umsvif á pari við það sem áður var. Hins vegar eru mörg dæmi um það annars staðar frá að það taki atvinnulífið langan tíma að ná að reisa sig við eftir hamfarir.⁵⁰

Til að styðja við atvinnurekstur greip ríkið til ýmissa aðgerða. Fyrst og fremst var þeim aðgerðum beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum með rekstrarstuðningi og stuðningslánum en öll fyrirtæki gátu sótt um launastuðning sem hafði það markmið að viðhalda ráðningarsambandi við starfsfólk. Settur var á fót Afurðasjóður Grindavíkur og veittur var greiðslufrestur á opinberum gjöldum. Stuðningsúrræðum fyrir fyrirtæki hefur eðli máls samkvæmt farið fækkandi eftir því sem lengra líður frá upphafi náttúruhamfaranna. Á árinu 2025 var veittur stuðningur í gegnum Sóknarsjóð Grindvíkinga, sem Byggðastofnun starfrækir, og í gegnum sérstaka úthlutun hjá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Grindavíkurbær kom líka til móts við fyrirtæki innan þéttbýlismarkna með niðurfellingu fasteignagjalda.

Þó að flest fyrirtæki í Grindavík hafi með mikilli seiglu haldið út þessar krefjandi aðstæður eru enn miklar áskoranir. Í fyrsta lagi er það aukinn kostnaður við rekstur fyrirtækja. Tekist hefur að halda tekjum nokkuð vel nema þá hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu en aukinn rekstrarkostnaður hefur slæm áhrif á afkomu þeirra. Þessi aukni kostnaður er m.a. tilkominn vegna breyttrar búsetu starfsmanna og rekstrarstöðvunar þá daga sem bænum er lokað. Í öðru lagi er aðgangur fyrirtækja í Grindavík að fjármagni verulega skertur. Fyrirtæki bera fyrir sig að óvissa sé um tryggingavernd. Öll regluleg fjárfesting í atvinnutækjum og nýfjárfesting er af þessum sökum minni en annars væri. Í þriðja lagi er það öll óvissa sem hefur áhrif á stefnu og skipulag fyrirtækja til lengri tíma. Viðskiptasambönd hafa glatast, tekjur tapast og erfiðara er um

⁵⁰ Sjá t.d. (Kay, o.fl., 2019)

ráðningar á starfsfólki. Í fjórða lagi er það stöðug óvissa um öryggi veitubjónustu. Þótt nú um stundir sé ástand í afhendingu rafmagns og vatns nokkuð gott hefur það ekki alltaf verið svo og gríðarlegur kostnaður fylgir rekstrarstöðvun vegna skorts á afhendingu rafmagns eða á heitu eða köldu vatni.

Í núverandi óvissustigi er atvinnulíf bæjarins helsta forsenda þess að horfa megi til endurreisnar. Nær allt núverandi mannlíf í bænum snýst um rekstur þeirra fyrirtækja sem þar eru. Þess vegna er mjög mikilvægt að þau haldi út þær áskoranir sem fylgja núverandi óvissuástandi.



TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- Það hefur tekist vel að starfrækja fjölbreyttan atvinnurekstur í Grindavík innan þeirra marka sem áhættumat setur. Fyrirtæki hafa með innleiðingu öryggisreglna aðlagð sig þessum kringumstæðum. Með frekari innleiðingu mótvægisáðgerða má ganga lengra. Með skilgreiningu á ásættanlegri áhættu mismunandi hópa má enn auka umsvif fyrirtækja á svæðinu. Það á ekki síst við um ferðaþjónustu.
- Skert aðgengi fyrirtækja í Grindavík að fjármögnun og tryggingum getur ekki gengið til lengri tíma. Öllum atvinnurekstri er nauðsynlegt að endurnýjast og eflast með fjárfestingu. Ef það gerist ekki mun þeim hnigna og að lokum láta þau undan í samkeppni við keppinauta sína annars staðar. Þörf kann að vera á að upplýsa fjármálafyrirtæki betur um stöðu og horfur atvinnulífs í Grindavík og hvetja þau þannig til þátttöku í áframhaldandi rekstri fyrirtækja í bænum.
- Atvinnurekstur í Grindavík stendur frammi fyrir ýmsum tækifærum til lengri tíma. Helst eru það augljós sóknarfæri í ferðaþjónustu. Fyrirtæki og Grindavíkurbær hafa verið að skoða ýmsar hugmyndir til að geta tekið á móti fleiri ferðamönnum og hagnýta þannig með fjárfestingu og vexti þau tækifæri. Mikilvægt er að stoðkerfi ferðaþjónustunnar styðji með virkum hætti við þessa uppbyggingu.
- Unnið er að uppbyggingu í fiskeldi við Grindavík. Fyrirsjáanleg tækifæri eru þar og þá bæði við eldið sjálft og einnig þjónustu og iðnað tengt því. Til að svo megi verða er aðgengi að tryggri orku og lóðum mikilvægt. Endurbætur á Grindavíkurhöfn þyrftu einnig að vera í forgangi til að nýta tækifæri til farmflutninga sem fylgt geta fiskeldisstarfsemi.
- Lítil og meðalstór fyrirtæki búa gjarnan við mestar áskoranirnar, hafa takmarkaðri fjárhagsleg úrræði og eiga erfiðara með að aðlaga rekstur sinn í þeirri óvissu sem er. Reynsla af Sóknarsjóði og framkvæmd sóknaráætlana hefur verið jákvæð. Lagt er til að haldið verði áfram á þeirri braut. Enn eru til staðar fjármunir í Sóknarsjóði sem skynsamlegt er að nýta til stuðnings. Úthlutun þeirra fjármuna er skynsamleg við núverandi aðstæður.
- Mikið er um erlent starfsfólk hjá fyrirtækjum í Grindavík. Tryggja þarf að erlendir starfsmenn hafi aðgang að upplýsingum um áhættur og standa verður vörð um öryggi þeirra.

Fjárhagur Grindavíkurbæjar

Fyrir þær hamfarir sem enn standa yfir á Reykjanesskaganum var Grindavíkurbær óvenju vel stætt sveitarfélag og hallarekstur nánast óþekktur. Framkvæmt var einungis fyrir eigið fé í áraraðir og nokkur sjóður hafði safnast upp. Handbært fé í upphafi ársins 2023 nam 1.222 milljónum króna en vaxtaberandi skuldir voru nánast engar. Rekstrarforsendur breyttust fljótt til hins verra eftir rýmingu bæjarins 10. nóvember 2023. Íbúafjöldi Grindavíkur var 3.719 fyrir rýmingu en 31. desember 2024 hafði íbúum með lögheimili í Grindavík fækkað í 1.356. Íbúum fækkaði áfram á fyrri hluta árs 2025 en frá þeim tíma hefur íbúafjöldi haldist nánast stöðugur, eða tæplega 900 íbúar, sem er þó betri staða en gert var ráð fyrir í forsendum áætlana Grindavíkurbæjar.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 var um margt varfærin, eins og eðlilegt er þegar óvissa er mikil við áætlanagerð og rekstrarniðurstaða á því ári er umtalsvert betri en í forsendum fjárhagsáætlunar. Þar skiptir mestu máli eins skiptis fjárhagserfiðleikaframlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, ásamt framlagi vegna fasteignaskattsjöfnunar í kjölfar lagabreytingar sem samþykkt var að ósk Grindavíkurbæjar.

	Ársuppgjör 2024	Ársuppgjör 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Rekstrarafkoma Grindavíkurbæjar A- og B-hluta	-26.692	971.264	-311.942	-605.106	-497.323	-241.974
Handbært fé án sameiginlega rekinna stofnana						
Handbært fé í ársbyrjun hvers árs (aðalsjóður)	1.196.089	3.338.939	4.754.722	3.567.544	2.128.387	1.317.192
Breyting á handbæru fé (aðalsjóðs)	2.142.850	1.415.783	-1.187.178	-1.439.159	-811.195	-459.901
Handbært fé í árslok hvers árs (aðalsjóður)	3.338.939	4.754.722	3.567.544	2.128.387	1.317.192	857.291
	Rauntölur 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	2.159.104	1.414.536	-1.179.606	-1.440.563	-812.681	-461.475
Handbært fé (fjárförf) í ársbyrjun	1.206.505	3.365.609	4.780.145	3.600.538	2.159.975	1.347.294
Handbært fé (fjárförf) í árslok	3.365.609	4.780.145	3.600.538	2.159.975	1.347.294	885.819
Hækkun bótasjóðs	1.320.781	1.615.398				
Breyting annars handbærs fjár	838.323	-200.862				

Þótt eiginfjárstaða Grindavíkurbæjar gæfi tilefni til hóflegrar bjartsýni um að sveitarfélagið gæti staðið af sér þau áföll sem það hefur orðið fyrir var ákveðið í ársbyrjun 2024 að gera samkomulag við innviðaráðuneytið um stuðning við stjórnsýslu og fjárhag sveitarfélagsins. Í samkomulaginu var jafnframt kveðið á um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga myndi veita Grindavíkurbæ styrk en við ákvörðun um fjárhæð styrksins skyldi horfa til áætlunar sveitarfélagsins um aðlögun rekstrar að breyttum aðstæðum.

Bæjarstjórn greip til umfangsmikilla aðgerða á fyrri hluta árs 2024 til að lækka útgjöld, m.a. með hópuppsögn, þegar fyrir lá að ekki yrði skólahald í Grindavík 2024-2025. Stöðugildum hjá sveitarfélaginu fækkaði úr 223 í 63 í árslok 2024. Stöðugildum hefur fækkað enn frekar og eru nú 24, að frátöldum slökkviliðsmönnum. Illmögulegt er að lækka útgjöldin enn frekar. Sveitarfélagið þarf að sinna fjölþættum lagalegum skyldum sem kalla á rekstrarútgjöld og stefnir sveitarfélagið frekar að því að fjölga starfsfólki til að takast á við endurreisn samfélagsins.

Náttúruhamfarirnar hafa haft gríðarleg áhrif á tekjur sveitarfélagsins. Staðgreiðslutekjur hafa hrunið í samræmi við fækkun íbúa sem greiða útsvar til sveitarfélagsins. Engin fasteignagjöld voru lögð á íbúðar- og atvinnuhúsnæði innan þéttbýlisins í Grindavík 2024 og 2025 samkvæmt sérstakri lagaheimild. Á árinu 2026 og næstu árum nýtur Fasteignafélagið Þórkatta undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda sem verður til þess að sveitarfélagið verður af um 300 milljóna króna tekjum á ári. Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði og aðrar eignir í A-flokki, sem ekki eru undanþegnar fasteignaskatti, verður 0,25% af fasteignamati á árinu 2026.

Mikil óvissa er um tekjustofna sveitarfélagsins á næstu árum. Með áframhaldandi óvissustigi má gera ráð fyrir að tafir verði á verulegri fjölgun bæjarbúa og þar með þeirra sem greiða útsvar til bæjarsjóðs. Tekjur af fasteignagjöldum verða verulega innan þess sem var fyrir rýmingu þar til markaður með fasteignir fer að taka við sér. Þá er ekki að vænta verulegra tekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að óbreyttum reglum sjóðsins. Tekjur munu því ekki duga fyrir þeim mikla kostnaði sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir í endurreisn þess. Þrátt fyrir umfangsmikinn atvinnurekstur í bænum og talsverð umsvif fyrirtækja með aðsetur í bænum skilar sér lítið af þeim umsvifum til bæjarsjóðs. Líklega eru um 1.600 starfsmenn hjá fyrirtækjum í bænum en ekki nema lítill hluti þeirra með lögheimili þar. Stærsti hluti útsvarsgræðslna starfsmanna grindvískra fyrirtækja fer til annarra sveitarfélaga. Það er alveg ljóst að tekjur til að standa undir þeim mikla kostnaði sem mun falla til á næstu misserum eru ekki til staðar og aðstoð þarf að berast annars staðar frá til að mæta þeim kostnaði.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga héldust nánast óbreytt á árinu 2024 en á árinu 2025 drógust þau saman um tæplega 1,1 milljarð króna. Á móti þeirri skerðingu kom þó sérstakt 600 milljóna króna fjárhagserfðleikaframlag á árinu 2025 og lagaði það verulega rekstrarniðurstöðu þess árs, en endanlegar tölur um afkomu ársins liggja ekki fyrir. Frekari framlaga vegna fjárhagsörðugleika er ekki að vænta frá Jöfnunarsjóði að óbreyttu.

Grindavíkurbær hefur haldið bótageiðslum frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands aðgreindum í sérstökum bótasjóði sem ætlað er að fjármagna viðgerðir vegna tjóna ásamt því að viðhalda eignum og innviðum sem ekki er þörf á að nýta í þágu íbúa á hverjum tíma. Fyrirséð er að innviðir Grindavíkurbæjar geta þjónað mun fleirum en munu koma til baka og ekki er hægt að ætlast til að þeir íbúar sem snúa til baka standi undir viðhaldi allra eigna og innviða sem til eru og þjónuðu þeim fjölda sem var þar fyrir rýmingu.

Þrátt fyrir mikinn tekjusamdrátt frá rýmingu og verulegan hallarekstur bæjarsjóðs á því tímabili var eiginfjárstaða Grindavíkurbæjar sterk um síðustu áramót, eða rúmir 4 milljarðar króna. Mikilvægt er að hafa fyrirvara á um að töluverður hluti eigin fjár er vegna tjónabóta frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands og verður að gera ráð fyrir að hluti handbærs fjár muni renna til viðgerða á mannvirkjum sem skemmdust í hamförunum.

Rekstur Grindavíkurbæjar verður veruleg áskorun næstu árin. Ákvæði sveitarstjórnarlaga um skuldaviðmið og jafnvægisreglu í rekstri þarf að hafa til hliðsjónar við áætlanagerð sveitarfélagsins en fyrirséð er að hallarekstur verður viðvarandi á A-hluta sveitarsjóðs á næstu árum ef ekki kemur til fjárstuðningur ríkisins til að mæta gjörbreyttum rekstrarforsendum.



TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- Ljóst er að bæjarsjóður Grindavíkur hefur ekki burði til að standa einn undir því umfangsmikla verkefni sem endurreisn bæjarins felur í sér. Nauðsynlegt er að tryggja aðkomu annarra aðila, einkum ríkisins, að fjármögnun endurreisnar með markvissum og fyrirsjáanlegum hætti. Núverandi tekjustofnar endurspeglar ekki raunveruleg umsvif atvinnulífsins sem tengist Grindavík, þar sem aðeins lítill hluti skatttekna starfsmanna grindvískra fyrirtækja rennur til bæjarins. Þetta skapar ósamræmi milli tekna og þeirrar þjónustu- og innviðauppgildingar sem sveitarfélagið þarf að standa undir.
- Sérstakt álitamál er undanþága fasteigna í eigu Þórkötu frá fasteignagjöldum, sem hefur í för með sér verulegt tekjutap fyrir sveitarfélagið. Þar sem fasteignagjöld eru lykiltekjustofn sem m.a. er ætlað að standa undir rekstri og viðhaldi innviða er mikilvægt að leita leiða til að jafna þann halla. Skoða þarf hvort og hvernig unnt sé að tryggja sanngjarnt framlag þeirra eigna sem njóta þjónustu sveitarfélagsins, þannig að kostnaðarbyrði dreifist með réttlátari hætti.
- Að loknum sveitarstjórnarkosningum er brýnt að fara í formlegar viðræður milli ríkisins og Grindavíkurbæjar um fjárhagslegar forsendur næstu ára. Slíkt samkomulag ætti að fela í sér skýr markmið um rekstur, tekjustofna og fjármögnun endurreisnar, með áherslu á stöðugleika og fyrirsjáanleika. Jafnframt gæti slíkt samkomulag styrkt stöðu sveitarfélagsins gagnvart fjármálastofnunum og þannig bætt aðgengi að lánsfé þegar á þarf að halda, sem er lykilatriði í stórum uppbyggingarverkefnum.
- Reynsla síðustu missera sýnir að aðkoma ríkisins að afmörkuðum verkefnum, í gegnum skýrar og vel skilgreindar aðgerðaáætlanir, hefur gefið góða raun. Mikilvægt er að byggja áfram á þeirri nálgun. Fyrirséð er að fjölmörg verkefni á næstu árum muni krefjast fjárhagslegrar þátttöku ríkisins. Lagt er til að sú aðkoma verði útfærð með markvissum aðgerðaáætlunum þar sem ábyrgð, umfang og fjármögnun eru skýrt afmörkuð, og ríkið taki að sér hluta eða allan kostnað eftir eðli verkefna. Samstarf við önnur sveitarfélög getur eftir atvikum einnig komið til greina í þessu sambandi.

Kosningarréttur og lýðræðislegt umboð

Talsverð umræða hefur farið fram á undanförunum mánuðum um sveitarstjórnarkosningar, sem fram fara hinn 16. maí 2026, og hvernig að þeim yrði best staðið í Grindavík með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem þar eru uppi og helgast af rýmingu bæjarins í nóvember 2023. Kosningarrétturinn er undirstöðuréttur í lýðræðissamfélagi og því mikilvægt að búa svo um hnúta að Grindvíkingar geti notið hans til jafns við aðra þrátt fyrir að hafa þurft að yfirgefa bæinn og finna sér aðsetur í öðrum sveitarfélögum, ýmist til skamms tíma eða lengri, allt eftir aðstæðum hvers og eins. Með sérstöku bráðabirgðaákvæði var Grindvíkingum, sem lögheimili áttu í bænum við rýmingu, gert kleift að skrá aðsetur í öðru sveitarfélagi en halda lögheimili sínu í Grindavík. Enda þótt margir hafi nýtt sér þessa heimild hafa þó flestir kosið að flytja lögheimili sitt í núverandi aðsetur og fyrir því geta verið margar málefnalegar ástæður. Lúta þær einkum að því að tryggja hindrunarlausa þjónustu aðseturssveitarfélags og er ekki endilega tengt því hvort viðkomandi hyggur á flutning að nýju til Grindavíkur eða ekki.

Ljóst má vera að endurreisn Grindavíkurbæjar er verkefni fyrir allt samfélagið sem upplifði hamfarirnar en ekki aðeins fyrir þá fáu sem enn halda lögheimili í bænum. Kosningarréttur er eitt helsta tækið til að tryggja að ákvarðanir endurspegli vilja þeirra sem eiga beina aðild að framtíð samfélagsins. Ef aðeins hluti Grindvíkinga fengi að kjósa gæti það skapað hættu á vantrausti og tilfinningu um að vera útilokaðir frá ákvarðanatöku um framtíð bæjarins.

Í umræðuskjali Grindavíkurnefndar, sem var í samráðsgátt stjórnvalda í október 2025, var þeirri tillögu fleytt að gefa Grindvíkingum kost á að velja hvar þeir vildu neyta atkvæðisréttar síns í sveitarstjórnarkosningum 2026, þ.e. hvort þeir vildu kjósa í Grindavík eða í núverandi lögheimilissveitarfélagi. Í þessu sambandi eru Grindvíkingar skilgreindir sem þeir er áttu lögheimili í bænum við rýmingu í nóvember 2023.⁵¹ Almennu voru viðbrögð við þessari tillögu jákvæð sem bæði kom fram í umsögnum og eins í umræðum á fundum nefndarinnar með Grindvíkingum.

Með hliðsjón af framangreindu samþykkti Alþingi lagabreytingu sem felur í sér tímabundnar breytingar á kosningalögum, sveitarstjórnarlögum og lögum um lögheimili og aðsetur með það að markmiði að bregðast við afleiðingum náttúruhamfara í Grindavík.⁵² Lagabreytingin felur í sér að öll sem áttu lögheimili í Grindavík 9. nóvember 2023 og uppfylla skilyrði kosningalaga geta kosið í sveitarstjórnarkosningum 2026 í Grindavík, jafnvel þótt þau hafi síðar flutt lögheimili sitt annað. Þau fá þannig val um að vera á kjörskrá í Grindavík vegna þeirra kosninga og öll sem ákveða að njóta þessa kosningarréttar halda kjörgengi til sveitarstjórnar og nefndasetu í Grindavík út kjörtímabilið, óháð því hvort þau hafi flutt lögheimili sitt á meðan.

⁵¹ (Grindavíkurnefnd, Grindavík - næstu skref í endurreisn, 2025)

⁵² (Frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, sveitarstjórnarlögum og lögum um lögheimili og aðsetur, 2025-2026)

Ástæður frumvarpsins eru fyrst og fremst þær að Grindavík hefur orðið fyrir langvarandi og alvarlegum náttúruhamförum sem hafa raskað búsetu og neytt marga íbúa til að flytja tímabundið eða varanlega. Með frumvarpinu er leitast við að tryggja að þau sem eiga áfram ríkra hagsmuna að gæta í sveitarfélaginu missi ekki rétt til að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku um framtíð þess. Markmiðið er að stuðla að réttlátri þátttöku íbúa í endurreisn og stjórnun sveitarfélagsins og koma í veg fyrir að stór hópur fyrrum íbúa verði útilokaður frá kosningum vegna aðstæðna sem íbúarnir réðu ekki við.

Stjórnskipulag og áskoranir á næsta kjörtímabili

Ný sveitarstjórn sem kjörin verður í vor fær mikilvægt hlutverk í endurreisn samfélagsins. Með því að gefa Grindvíkingum sem þess óska kost á að neyta kosningarréttar síns í Grindavík og taka þannig beinan þátt í endurreisn samfélagsins er verið að styrkja lýðræðislegt umboð næstu bæjarstjórnar.

Ljóst er að tryggja þarf aukinn aðgang að sérþekkingu til að takast á við þau flóknu og umfangsmiklu verkefni sem framundan eru. Undanfarin misseri hefur orðið verulegt brottfall starfsfólks úr stjórnsýslu Grindavíkurbæjar sem dregið hefur úr getu sveitarfélagsins til að sinna verkefnum sínum með fullnægjandi hætti. Til skemmri tíma er því mikilvægt að styrkja stjórnsýsluna með markvissri aðkomu sérfræðinga, hvort sem er í gegnum samstarf við önnur sveitarfélög, ríkisvaldið eða með aðkeyptri ráðgjöf.

Á óvissutímum er skýr, aðgengileg og áreiðanleg upplýsingagjöf ein af grunnforsendum þess að samfélag nái að bregðast við af festu og yfirvegun. Mikilvægt er að Grindvíkingar hafi greiðan aðgang að ítarlegum og réttum upplýsingum svo þau geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og framtíð. Slík upplýsingagjöf eflir traust milli almennings og stjórnvalda, sem er lykilatriði í árangursríkri endurreisn. Jafnframt þarf að tryggja að upplýsingar séu settar fram á skýran og skiljanlegan hátt, á mismunandi tungumálum eftir þörfum, og að framsetning þeirra taki mið af ólíkum hópum samfélagsins. Það er ekki síður mikilvægt að fólk skilji hvaða aðgerðir eru í gangi, hvaða valkostir standa til boða og hvaða afleiðingar mismunandi leiðir kunna að hafa. Með því að stuðla að opnu samtali, þar sem mismunandi sjónarmið fá að heyrast og rými er fyrir spurningar og umræðu, má skapa betri sátt um þær lausnir sem valdar eru og styrkja samfélagið í heild sinni til að takast á við áskoranir framtíðar.

Til lengri tíma litið kann jafnframt að vera nauðsynlegt að endurmeta skipulag sveitarstjórnarstigsins á svæðinu. Í því samhengi er eðlilegt að skoða möguleika á auknu samstarfi eða jafnvel sameiningu sveitarfélaga á svæðinu, með það að markmiði að efla faglega getu, auka rekstrarhagkvæmni og bæta þjónustu við íbúa. Samhliða því er mikilvægt að kanna leiðir til aukins samreksturs þjónustu, þar sem sveitarfélög deila mannafla og sérþekkingu á lykilsviðum.

Fyrir Grindavíkurbæ kann sameining við nærliggjandi sveitarfélög að fela í sér tækifæri til að byggja upp öflugri stjórnsýslu, styrkja aðgengi að sérfræðipækkingu og draga úr varnarleysi gagnvart áföllum. Á móti þarf þó að meta áhrif á lýðræðislega þátttöku, staðbundna sjálfsmynd og aðgengi íbúa að stjórnsýslu.

Óháð því hvort til sameiningar kemur er ljóst að aukinn samrekstur þjónustu er raunhæfur og líklegur kostur til skemmri og meðallangs tíma. Með samrekstri má sameina krafta á lykilsviðum, s.s. í skipulags- og byggingarmálum, félagsþjónustu, fræðslumálum, tæknilegri þjónustu og almannavörnum. Slík nálgun getur bæði aukið gæði þjónustu og tryggt betri nýtingu fjármuna og mannauðs.

Þá getur formfast samstarf, t.d. í gegnum byggðasamlög eða þjónustusamninga milli sveitarfélaga, verið árangursrík leið til að ná fram framangreindum markmiðum án þess að til fullrar sameiningar komi. Slíkar lausnir geta jafnframt skapað grundvöll fyrir frekari samþættingu síðar, reynist vilji til þess.

TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- Samstarf og samrekstur sveitarfélaga á Reykjanesi hefur aukist á undanfórnum árum og gefið góða raun. Ljóst er að enn eru veruleg tækifæri til að dýpka þetta samstarf, bæði til að auka rekstrarhagkvæmni, bæta þjónustu og styrkja faglegt umhverfi innan lykilmálaflokka. Mikilvægt er að nálgast slíkar ákvarðanir með heildstæðu mati á kostnaði, gæðum þjónustu og langtímaáhrifum fyrir íbúa.
- Þörf er á að efla samræmda reglulega upplýsingamiðlun til Grindvíkinga um endurreisnina, þar sem opnir fundir, fréttabréf á vef og í tölvupósti og markviss notkun samfélagsmiðla, ásamt aðgengilegri upplýsingasíðu og föstum tengilið hjá sveitarfélaginu, tryggi tíðar, skýrar og áreiðanlegar upplýsingar um stöðu framkvæmda, tímasetningar, áhrif á daglegt líf og leiðir íbúa til að koma á framfæri spurningum og ábendingum.
- Til skoðunar er hvort hagkvæmt og skynsamlegt sé að færa slökkvilið Grindavíkur inn í rekstur Brunavarna Suðurnesja. Slík samþætting gæti stuðlað að betri nýtingu tækja og mannafla, aukinni sérhæfingu og auknu öryggi fyrir íbúa svæðisins. Sambærileg tækifæri má finna á sviði barnaverndar og félagsþjónustu, þar sem stærri rekstrareiningar geta tryggt breiðari þekkingu, aukið aðgengi að sérfræðingum og jafnað þjónustustig milli sveitarfélaga.

- Á sviði fræðslumála er sérstaklega mikilvægt að horfa til samstarfs á næstu árum, ekki síst í ljósi þeirra áskorana sem fylgja endurreisn skólastarfs í Grindavík. Fyrstu skref í þeirri uppbyggingu verða líklega best tekin í nánú og skipulögðu samstarfi við Reykjanesbæ og önnur sveitarfélög á svæðinu, með það að markmiði að tryggja stöðugleika, samfellu í námi og velferð nemenda.
- Suðurnesin mynda í reynd eitt atvinnu- og búsetusvæði, þar sem daglegt líf íbúa spannar mörk sveitarfélaga. Eftir rýmingu Grindavíkur hafa margir íbúar kosið að setjast að í nágrennasveitarfélögum, sem hefur enn frekar aukið samtengingu svæðisins. Í ljósi þessara breytinga er eðlilegt að hefja opna og gagnrýna umræðu um framtíðarskipan sveitarfélaga á Suðurnesjum, þar á meðal hvort sameining gæti verið raunhæfur og æskilegur kostur.
- Sameiningarumræða þarf að byggja á skýrum markmiðum um bætta þjónustu, aukna hagkvæmni og sterkara samfélag. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að rödd íbúa heyrist og að tekið sé mið af sérstöðu, sögu og sjálfsmynd hvers sveitarfélags. Með vandaðri greiningu og víðtæku samráði er hægt að leggja traustan grunn að framtíðarskipulagi sem þjónar hagsmunum íbúa til lengri tíma.
- Mikilvægt er að Grindvíkingar hafi greiðan aðgang að ítarlegum og réttum upplýsingum svo þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og framtíð. Slík upplýsingagjöf eflir traust milli almennings og stjórnvalda, sem er lykilatriði í árangursríkri endurreisn.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélags

Með setningu laganna um Grindavíkurnefnd var komið á laggirnar tímabundnu og sértæku stjórnarfyrrkomulagi við þær óvenjulegu og krefjandi aðstæður sem skapast höfðu í Grindavík og hafði bæjarstjórn Grindavíkur frumkvæði að samtali við ríkisstjórnina í því sambandi eins og fram kom í framsöguræðu ráðherra þegar mælt var fyrir frumvarpi til laga um nefndina. Þar var einnig lögð áhersla á að viðfangsefnin í Grindavík væru hefðbundinni sveitarstjórn ofviðá án mikils stuðnings og því þyrfti að styðja við stjórnsýslu sveitarfélagsins.⁵³ Á þeim tíma var að sjálfsögðu engin víska fyrir því að atburðum yrði lokið innan þess tveggja ára tímaramma sem nefndinni var settur.

Í lögum nr. 40/2024 um Grindavíkurnefnd er kveðið á um að nefndin vinni aðgerðaáætlanir til styttri og lengri tíma. Nefndin hefur unnið margar slíkar áætlanir sem flestar hafa verið samþykktar og unnið hefur verið eftir. Gerð er grein fyrir aðgerðaáætlunum nefndarinnar í skýrslum hennar til Alþingis.⁵⁴ Ljóst er að þegar nefndin lýkur störfum þarf að huga að því sérstaklega hvernig samstarfi ríkis og sveitarfélags verður háttað vegna þeirra verkefna sem ríkisvaldið mun þurfa að koma að við uppbyggingu og endurreisn samfélagsins. Sveitarfélagið verður ekki í stakk búið til að leysa þau verkefni eitt og sér.

Mikilvægt er að ábyrgðarkeðjan sé skýr og að ákvarðanir séu gagnsæjar. Sveitarfélagið mun vitanlega gegna veigamiklu hlutverki í stefnumótun og bera fjárhagslega ábyrgð á almennum rekstri bæjarfélagsins. Hins vegar er jafn ljóst að ríkisvaldið verður að styðja við endurreisnina með fjármögnun og sérfræðipækkingu, hvort sem það lýtur að rannsóknum, almannavarnatengdum aðgerðum, verklegum framkvæmdum, sértækum sálfélagslegum stuðningi eða öðru. Það verður best gert með samningum milli bæjarins og ríkisins um einstök verkefni, umfang þeirra og kostnaðarskiptingu.

Í fræðilegri umræðu um skipulagsmál og hamfarastjórnun hefur verið bent á að fjárhagslegir hvatar geti í sumum tilvikum skapað svokallaðan freistnivanda hjá sveitarfélögum þegar kemur að uppbyggingu á áhættusvæðum. Sveitarfélög byggja að verulegu leyti tekjustofna sína á fasteignagjöldum, útsvari og atvinnustarfsemi og geta því haft hagsmuni af áframhaldandi uppbyggingu eða enduruppbyggingu byggðar, jafnvel á svæðum þar sem þekkt náttúruvá er til staðar. Rannsóknir benda til þess að slíkir hvatar geti haft áhrif á ákvarðanatöku um landnotkun og skipulag, þar sem skammtímahagsmunir tengdir tekjuöflun og efnahagslegri þróun geta vegið þungt gagnvart langtímaáhættu.⁵⁵ Af þeim sökum er brýnt að ríkisvaldið og þar til bærar stofnanir þess gegni ríku hlutverki við endurskoðun skipulags og ákvarðanir um uppbyggingu, helgunarsvæði náttúruvár o.fl. Alþjóðlegar stofnanir hafa einnig bent á að skýr ábyrgðarskipting og vel mótað regluverk um landnotkun og innviðaupbyggingu sé mikilvæg til að draga úr slíkum hvötum og styrkja áhættustýringu til lengri tíma.⁵⁶

⁵³ (Svandís Svavarsdóttir, 2023-2024)

⁵⁴ (Grindavíkurnefnd, Skýrsla til Alþingis (1), 2025); (Grindavíkurnefnd, Skýrsla til Alþingis (2), 2025)

⁵⁵ Sjá t.d. (Shi & Varuzzo, 2020)

⁵⁶ (OECD, 2023)

Ekkert bæjarfélag getur farið eitt og óstutt í gegnum hamfarir eins og þær sem gengið hafa yfir Grindavík. Samfélagið allt þarf að axla þær byrðar ásamt bæjarfélaginu, rétt eins og stjórnvöld hafa sýnt í orði og verki. Á þessu samstarfi ríkis og sveitarfélags þarf að verða framhald en vegna stöðu jarðhræringanna er ekki unnt að segja með vissu hversu lengi og hversu umfangsmikill stuðningur ríkisins þarf að vera.

Sú sveitarstjórn sem tekur við stjórnartaumunum í Grindavík að loknum kosningunum 16. maí nk. og fulltrúar ríkisvaldsins þurfa að koma sér saman um verklag og umgjörð um áframhaldandi samstarf og stuðning svo lengi sem óvissa ríkir um þróun jarðhræringanna og áhrif þeirra. Heppilegast kann að vera að búa um slíkt í sérstökum samstarfssamningi ríkis og sveitarfélags.



TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR:

- Ljóst er að endurreisn Grindavíkur er verkefni sem fer langt umfram getu eins sveitarfélags, bæði fjárhagslega og faglega. Nauðsynlegt er að styrkja samstarf ríkis og sveitarfélags með markvissum og formlegum hætti. Ríkið þarf að koma að verkefninu með skýrri ábyrgð á fjármögnun, samræmingu aðgerða og aðkomu sérfræðistofnana. Mikilvægt er að þessi aðkoma sé útfærð með formlegum samningum þar sem kveðið er á um hlutverk, ábyrgð, verkaskiptingu og kostnaðarskiptingu, þannig að forsendur ákvarðanatöku séu gagnsæjar og fyrirsjáanlegar.
- Samhliða þessu þarf að skýra verkaskiptingu og ábyrgð milli stjórnsýslustiga. Skýr ábyrgðarkeðja er forsenda skilvirkrar stjórnsýslu, sérstaklega við þær aðstæður sem nú ríkja. Sveitarfélagið gegnir áfram lykilhlutverki í daglegum rekstri, þjónustu við íbúa og mótun staðbundinnar stefnu. Á sama tíma er eðlilegt að ríkið taki aukið og skýrara hlutverk í stefnumótun og framkvæmd tiltekinna umfangsmikilla eða áhættusamra verkefna, þar sem þörf er á sérhæfðri þekkingu eða samræmingu.
- Endurskoða þarf hlutverk ríkisins í skipulagsmálum á svæðum þar sem náttúruvá er til staðar. Ekki er æskilegt að leggja þá ábyrgð einhliða á sveitarfélög að taka ákvarðanir um uppbyggingu á svæðum þar sem veruleg óvissa eða hætta getur skapast vegna náttúruhamfara. Lagt er til að ríkið, í gegnum viðeigandi ráðuneyti og sérfræðistofnanir, gegni lykilhlutverki við mat á áhættu, skilgreiningu helgunarsvæða og endurskoðun skipulagsáætlana. Með því er tryggt að ákvarðanir byggist á heildstæðu mati, samræmdri þekkingu og ábyrgð sem nær yfir hagsmuni samfélagsins í heild.
- Í heild sinni þarf að byggja upp skýrt og traust samstarf milli ríkis og sveitarfélags, þar sem ábyrgð, hlutverk og fjármögnun eru vel skilgreind. Slíkt fyrirkomulag er lykilforsenda þess að endurreisn Grindavíkur verði bæði farsæl og sjálfbær til lengri tíma.
- Koma þarf á fót föstum samráðsvettvangi stjórnvalda og Grindavíkurbæjar með aðkomu íbúa, stofnana og vísindafólks á fyrstu stigum endurreisnar meðan óvissustig er enn í gangi.

V. Lokaorð

Endurreisn Grindavíkur er langtímaferli sem krefst sameiginlegrar sýnar, forystu Grindvíkinga, virkrar þátttöku ríkisvaldsins og samfélags stuðnings ríkis og alþjóðlegra sérfræðiaðila. Rammaáætlunin markar fyrstu heildstæðu skrefin að uppbyggingu sem byggir á:

- sveigjanlegri nálgun í ljósi áframhaldandi náttúruvár,
- virkri þátttöku samfélagsins sem og stjórnvalda ríkisins,
- bestu fáanlegu þekkingu,
- skýrum stjórnskipulegum forsendum.

Með þessari rammaáætlun er lagður grunnur að öruggari, þrautseigari og sjálfbærari framtíð Grindavíkur. Rammaáætlunin fjallar um þau leiðarljós sem stjórnvöld, bæði sveitarstjórn og ríkisstjórn, og aðrir hagaðilar þurfa að taka mið af við uppbyggingu og endurreisn samfélagsins í Grindavík. Hún fjallar einnig um helstu málaflokka, hver staða mála er innan þeirra og hvert beri að stefna og þar er að finna ábendingar og tillögur Grindavíkurnefndar um það sem huga þarf sérstaklega að á næstunni. Rammaáætlunin leggur ríka áherslu á að atburðum við Grindavík er ekki lokið og að mikil óvissa er um framhald jarðhræringa og það er staða sem þarf að taka alvarlega og hafa í forgrunni þegar einstakar ákvarðanir eru teknar er tengjast endurreisninni.

Grindavíkurnefndin var sett á laggirnar við fordæmalausar aðstæður og á sér ekki fyrirmynd, hvorki hér á landi né erlendis að því er séð verður. Hún hefur því þurft að spinna margt af fingrum fram um leið og sótt hefur verið í reynslu þeirra sem besta þekkingu hafa á sviði áfalla- og hamfaramála, jarðfræði, reksturs sveitarfélags o.s.frv. Hefur nefndin á starfstíma sínum átt mikið og þétt samstarf og samráð við fjölmarga aðila, bæði í Grindavík og utan. Nefndin vill þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg og stutt við starfsemi nefndarinnar með einum eða öðrum hætti. Það er von nefndarinnar að sú vinna sem hér liggur fyrir geti nýst þeim sem á næstu misserum axla ábyrgðina á endurreisn og uppbyggingu samfélags og bæjarfélags og að Grindavík muni blómstra sem sjálfbært, öruggt og traust samfélag þar sem farsæld íbúa, öflugt atvinnulíf og góð þjónusta verður í fyrirrúmi.

Viðauki A: Erindisbréf vegna rammaáætlunar um endurreisn



Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ
Hverfisgötu 4-6a
101 Reykjavík

Dagsetning 10.12.2025
Málsnúmer FOR25110146

Erindisbréf um gerð rammaáætlunar um endurreisn Grindavíkurbæjar

Forsætisráðherra felur, með vísan í lög nr. 40/2024, Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ (Grindavíkurnefnd) hér með að vinna rammaáætlun um næstu skref í endurreisnarferlinu vegna jarðhræringanna í Grindavíkurbæ.

Tilfni og markmið

Jarðhræringar og eldgos frá nóvember 2023 hafa skapað fordæmalausar aðstæður sem eiga sér fáar hliðstæður á heimsvísu. Sérstaklega hvað varðar viðtæka flutninga heils samfélags frá heimkynnum sínum og langvarandi óvissu. Nú tveimur árum síðar er náttúruvá enn yfirvofandi í Grindavík. Þessar aðstæður krefjast langtímahugsunar og stefnumótunar um framtíð Grindavíkur. Nauðsynlegt er að hefja vinnu við rammaáætlun sem markað getur vegvísi um næstu skref í endurreisnarferlinu.

Markmið með gerð rammaáætlunar er, í ljósi mats á stöðu og þörfum, að móta samræmda framtíðarsýn og ramma fyrir endurreisn samfélagsins og innviða og þjónustu. Með þessu verði fyrirsjáanleiki fyrir bæjarfélagið, íbúa og fyrirtæki aukinn og skýrari forsendur til að taka ákvarðanir um framtíð samfélagsins í Grindavík.

Verkefni nefndarinnar

Vinna að rammaáætlun um endurreisn Grindavíkurbæjar feli m.a. í sér að:

- Greina stöðu og þarfir samfélagsins og framtíðarforsendur, þ.m.t. stöðu og horfur bæjarfélagsins;
- Eiga samráð við Grindvíkinga og aðra hagaðila;
- Taka mið af innlendri og alþjóðlegri þekkingu eftir atvikum;
- Móta meginmarkmið, leiðarljós og forgangsroðun verkefna.

Í tengslum við þessi verkefni þarf m.a. að meta þær forsendur sem þurfa að liggja fyrir um endurreisn Grindavíkurbæjar, þar á meðal um mögulega endurkomu fyrrverandi íbúa og aðra þætti sem hafa áhrif á næstu skref í endurreisnarferlinu, s.s. varðandi fjárhag, innviði, þjónustugetu og skipulag, áskoranir og tækifæri. Enn fremur, í samvinnu við móttökusveitarfélög, að huga að afdrifum og líðan Grindvíkinga og hvernig stuðningi við þá verður háttað.

Tímarammi og skil

Nefndin skal skila rammaáætluninni fyrir 31. mars 2026 þannig að vinnan nýtist við stefnumótun í tengslum við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara hinn 16. maí 2026.

Fjármögnun og heimildir

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 40/2024 getur nefndin óskað eftir gögnum og upplýsingum frá stjórnvöldum og öðrum aðilum eftir þörfum. Telji nefndin nauðsynlegt að kaupa að þjónustu eða ráðgjöf skal ákvörðun um slíkt tekin að fengnu samþykki forsætisráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra,

Benedikt Árnason

Viðauki B: Listi yfir aðgerða- áætlanir Grindavíkurnefndar

-
- a. Bráðabirgða-/neyðartenging til að koma rafmagni á Grindavík, dags. 3. júní 2024.
-
- b. Aðgerðaáætlun vegna viðgerða á innviðum innan þéttbýlis Grindavíkur o.fl., dags. 5. júlí 2024.
-
- c. Aðgerðaáætlun um rýmri opnun Grindavíkur, 15. október 2024.
-
- d. Minnisblað til ríkisstjórnar með tillögum um breytingar á fyrirkomulagi stuðnings við atvinnulíf í Grindavík og Grindavíkurbæ, 17. október 2024.
-
- e. Aðgerðaáætlun vegna flutnings verkefna á sviði fræðslumála frá Grindavíkurbæ til framkvæmdanefndar, dags. 23. október 2024.
-
- f. Aðgerðaáætlun vegna húsnaðismála Grindvíkinga, október 2024.
-
- g. Tímabundin aðgerðaáætlun fyrir sálfélagslegan stuðning janúar – maí 2025, dags. 11. febrúar 2025.
-
- h. Aðgerðaáætlun um sálfélagslegan stuðning, dags. 20. maí 2025, endurskoðuð sem aðgerðaáætlun um farsæld og samfélagslegan stuðning við Grindvíkinga, dags. 23. júní 2025.
-
- i. Aðgerðaáætlun 2 vegna innviðaframkvæmda innan þéttbýlis Grindavíkur o.fl., dags. 18. júní 2025.
-
- j. Aðgerðaáætlun vegna fræðslumála og samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna, frá 2. sept. 2025.
-
- k. Aðgerðaáætlun um rekstur slökkviliðs í Grindavík og öryggisgæslu í bænum, dags. 21. okt. 2025.
-

Viðauki C: Lög og stjórnvaldsfyrirmæli í tengslum við jarðhræringar í Grindavíkurbæ

LÖG

- a. Lög nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík.
- b. Lög nr. 40/2024 um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ.
- c. Lög nr. 94/2023 um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.
- d. Lög nr. 130/2024 um stuðningslán til rekstraraðila í Grindavíkurbæ vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga.
- e. Lög nr. 15/2024 um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.
- f. Lög nr. 87/2023 um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.
- g. Lög nr. 74/2024 um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar.
- h. Lög nr. 84/2023 um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga.
- i. Lög nr. 102/2023 um breytingu á ýmsum lögum (skattaívilnanir vegna náttúruhamfara).
- j. Lög nr. 113/2023 um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur og fleiri lögum.
- k. Lög nr. 4/2024 um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignaskattur í Grindavíkurbæ)

STJÓRNVALDSFYRIRMÆLI

- l. Reglugerð nr. 311/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík.
- m. Reglugerð nr. 380/2024 um framfærsluöryggi greiðsluþega Tryggingastofnunar sem eru búsettir í Grindavíkurbæ.
- n. Reglugerð nr. 1145/2024 um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar.
- o. Reglugerð nr. 400/2025 um viðbótarhúsnæðisstuðning til tekju- og eignaminni Grindvíkinga.
- p. Reglur nr. 961/2025 um úthlutun Byggðastofnunar á framlögum úr Sóknarsjóði
- q. Auglýsing nr. 1217/2023 um ákvörðun innviðaráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórnar Grindavíkurbæjar og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélagsins. Sjá einnig auglýsingar nr. 333/2024, 844/2024, 1278/2024, 270/2025 og 1328/2025 um sama efni.

Viðauki D: Listi yfir samráðsaðila

Listi yfir samstarfs- og samráðsaðila Grindavíkurnefndar*

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra	Rannsóknarnefnd Alþingis vegna Súðavíkur
Alþjóðabankinn	Reykjanesbær
Atvinnufyrirtæki í Grindavík [#]	Ríkislögreglustjóri
Bjarg íbúðafélag	Ríkisskattstjóri
Björgunarsveitin Þorbjörn	Samband íslenskra sveitarfélaga
Búmenn hsf.	Sjóvá tryggingafélag hf.
Bæjarskrifstofur Grindavíkur	Skipulagsstofnun
Bæjarstjórn Grindavíkur	Slökkviliðsstjórinn í Grindavík
Dómsmálaráðuneytið	Sóknarpresturinn í Grindavík
Efla verkfræðistofa	Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Fasteignafélagið Þórkatla ehf.	Suðurnesjabær
Félag eldri borgara í Grindavík	Sveitarfélagið Vogar
Félags- og húsnæðisráðuneyti	Sveitarfélagið Ölfus
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Forsætisráðuneytið	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Grindavíkurhöfn	Ungmennafélag Grindavíkur UMFG
Hafnarfjarðarbær	Ungmennaráð Grindavíkur
Heilbrigðisráðuneytið	Veðurstofa Íslands
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Vegagerðin
HS Orka	Verkalýðsfélag Grindavíkur
HS Veitur	Verkfræðistofa Suðurnesja
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Verkís verkfræðistofa
Innviðaráðuneytið	Vinnumálastofnun
ÍSÖR	Þingmenn Suðurlandsdæmis
Jarðvísindadeild Háskóla Íslands	Þjóðskrá
Járngerður hagsmunafélag	Örugg verkfræðistofa
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	
Landsbankinn hf.	* Aðilar sem nefndin hefur starfað með, átt fundi með eða fengið upplýsingar og gögn frá um málefni tengd verkefnum nefndarinnar.
Landskjörstjórn	
Landsnet hf.	
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	
Maskína	[#] Nefndin hefur fundað með eigendum og starfsfólki fjölmargra fyrirtækja í Grindavík, bæði stærstu fyrirtækjanna í bænum en einnig litilla og meðalstórra fyrirtækja.
Mennta- og barnamálaráðuneytið	
Náttúruhamfaratrygging Íslands	

Heimildaskrá

- Áhrif aurskriðanna gríðarleg fyrir samfélagið. (5. apríl 2023). Sótt 2. febrúar 2026 frá Austurbrú:
<https://austurbru.is/ahrif-aurskridanna-gridarleg-fyrir-samfelagid/>
- Aldrich, D. P. (2012). Building Resilience: Social Capital in Post-Disaster Recovery. Chicago & London: University of Chicago Press.
- Aron Guðmundsson. (júní 2021). Fjallið það öskrar - Snjóflóðið í Súðavík 1995, [M.A. ritgerð við Háskóla Íslands]. Sótt frá skemman.is: <https://skemman.is/bitstream/1946/37788/1/Aron%20Gu%3b0mundsson%20-%20Greinarger%3b0%20fyrir%20meistaraverkefni.pdf>
- Ásthildur Elva Bernharðsdóttir. (2001). Learning from Past Experiences: The 1995 Avalanches in Iceland. Stockholm: Försvarshögskolan.
- Carlsen, H., Hauksdóttir, A., & Valdimarsdóttir, U. (2012). Health effects following the Eyjafjallajökull volcanic eruption: a cohort study. BMJ Open, 2. doi:10.1136/bmjopen-2012-001851
- Daði Már Kristófersson. (2023-2024). Vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231113T131728.html>
- David Reimer, Juuso Repo, & Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (mars 2026). Volcanic Eruption and Disruption: Youth Well-being After the Grindavik Evacuation in Iceland. NETLA.
- Davidson, C. H., Johnson, C., Lizarralde, G., Dikmen, N., & Sliwinski, A. (2007). Truths and myths about community participation in post-disaster housing projects. Habitat international, 31(1), 100-115.
- Disaster Recovery Framework Guide. (March 2020). Sótt frá World Bank Group: <http://documents.worldbank.org/curated/en/692141603785003050>
- Dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið. (2025). Áfallapol á grundvelli viðmiða Atlantshafsbandalagsins. Áfangaskýrsla. Sótt frá <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/DMR/Fylgiskjol-i-frett/A%cc%81falla%3beol%20-%20opinber%20a%cc%81fangasky%cc%81rsla%20-%20191225.pdf>
- Forsætisráðuneytið. (febrúar 2025). Íbúakönnun meðal Grindvíkinga. Sótt frá stjornarradid.is: <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/%c3%8db%c3%baak%c3%b6n-nun%20me%c3%b0al%20Grindv%c3%adkinga.pdf>
- Forsætisráðuneytið. (17. mars 2025). Staða Grindavíkur og sviðsmyndir um hvernig Grindavík og samfélag Grindvíkinga verður árið 2035. Deloitte ehf. Sótt frá stjornarradid.is: <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Sta%c3%b0a%20Grindav%c3%adkur%20og%20svi%c3%b0smyndir.pdf>
- Frumvarp til laga um almannavarnir. (2025-2026). Þingskjal 396. Dómsmálaráðherra. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/157/s/0396.html>
- Frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, sveitarstjórnarlögum og lögum um lögheimili og aðsetur. (2025-2026). Þingskjal 676. Dómsmálaráðherra. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/157/s/0676.html>
- Frumvarp til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa við Grindavíkurbæ. (2023-2024). Þingskjal 1628. Innviðaráðherra. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/154/s/1628.html>
- Gaillard, J.-C., & Mercer, J. (2013). From knowledge to action: Bridging gaps in disaster risk reduction. Progress in human geography, 37(1), 93-114.
- Grindavíkurnefnd. (8. október 2025). Grindavík - næstu skref í endurreisn. Sótt frá <https://island.is/samradsgatt/mal/4083>
- Grindavíkurnefnd. (mars 2025). Skýrsla til Alþingis (1). Sótt frá grn.is: <https://framerusercontent.com/assets/SuEtfy18Acwlnk1gPUBabJ1m8.pdf>
- Grindavíkurnefnd. (desember 2025). Skýrsla til Alþingis (2). Sótt frá grn.is: <https://framerusercontent.com/assets/UfgSaCVBWqxxJqXgjHN4n2toJPE.pdf>

- Grindavíkurnefnd. (mars 2026). Frumniðurstöður rýnihópaverkefnis um líðan og hagi Grindvíkinga, framtíðarsýn þeirra og stöðu. Sótt frá grn.is: <https://framerusercontent.com/assets/Wa8Fj73JtzpnWgdSqlN40fEFag.pdf>
- Grindavíkurnefnd. (febrúar 2026). Niðurstöður könnunar um viðhorf Grindvíkinga. Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir og Guðrún Pétursdóttir höfðu umsjón með gerð spurninga og úrvinnslu könnunar sem var framkvæmd af Maskínu. Sótt frá grn.is: <https://grn.is/blog/ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B0ur-k%C3%B6nnunar-um-vi%C3%B0horf-grindv%C3%ADkinga>
- Guðný Ósk Guðnadóttir. (júní 2023). “Þarna vil ég búa, undir fossinum á túninu” - Áhrif og eftirmálar skriðu-fallanna á Seyðisfirði. Sótt frá skemman.is: <https://skemman.is/bitstream/1946/43825/1/%c3%9earna%20vil%20%c3%a9g%20b%c3%baa%2c%20undir%20fossinum%20%c3%a1%20t%c3%baninu.pdf>
- Guðrún Hafsteinsdóttir. (2023-2024). Vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231113T125832.html>
- Hafðís Dóra Gunnarsdóttir. (2025). “Upp og áfram” - Langtímaafleiðingar Heimaeyjagossins 1973 og upplifun Vestmannaeyinga í ljósi nýlegra atburða á Reykjanesskaga. Sótt frá skemman.is: https://skemman.is/bitstream/1946/48732/4/hdg13_Hafd%C3%AD%D%C3%B3ra_MAritger%C3%B0.pdf
- Hallegatte, S., Rentschler, J., & Walsh, B. (2018). Building Back Better: Achieving resilience through stronger faster, and more inclusive post-disaster reconstruction. World Bank Group.
- Heiðrún Hlöðversdóttir, H. B. (2018). Long-term health of children following the Eyjafjallajökull volcanic eruption: a prospective cohort study. European journal of psychotraumatology, 9(2), 1442601.
- Inga Sæland. (2023-2024). Vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231113T130310.html>
- Ingram, J. C., Franco, G., Rio, C. R.-d., & Khazai, B. (2006). Post-disaster recovery dilemmas: challenges in balancing short-term and long-term needs for vulnerability reduction. Environmental science & policy, 9(7-8), 607-613.
- Jóhann Friðrik Friðriksson. (2023-2024). Vern mikilvægra innviða á Reykjanesskaga. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231113T131323.html>
- Katrín Jakobsdóttir. (2023-2024). Vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231113T123336.html>
- Kay, E., Brown, C., Hatton, T., Stevenson, J., Seville, E., & Vargo, J. (2019). Business recovery from disaster: A research update for practitioners. The Australasian Journal of Disaster and Trauma Studies, 23(2), 83-89.
- Kristrún Frostadóttir. (2023-2024). Vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231113T125439.html>
- Lög um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ nr. 40. (2024). Sótt frá <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2024040.html>
- Lög um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík nr. 16. (28. febrúar 2024). Sótt frá <https://www.althingi.is/lagas/156b/2024016.html>
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum. (október 2024). Fréttatilkynning. Sótt frá island.is: <https://island.is/frett/frettatilkynning-fra-logreglustjoranum-a-sudurnesjum-3>
- MacFarlane, A., & Van Hooff, M. (2009). Child development in the context of disaster, war and terrorism: Pathways of risk and resilience. Í A. Masten, & A. Narayan, Annual Review of Psychology (B. 63, bls. 227-257).
- Mannakkara, S., & Wilkinson, S. (2014). Re-conceptualising “Building Back Better” to improve post-disaster recovery. International Journal of Managing Projects in Business, 7(3), 327-341.
- Mannakkara, S., Wilkinson, S., & Potangaroa, R. (2018). Resilient Post Disaster Recovery through Building Back Better. London & New York: Routledge.
- Marsh, G., Ahmed, I., Mulligan, M., Donovan, J., & Barton, S. (Ritstj.). (2018). Community Engagement in Post-Disaster Recovery. Abingdon & New York: Routledge.
- Meara, R., Árnason, A., & Roberts, E. (2026). The Eldfell eruption, Iceland, 1973: using “Small Stories” to investigate the human evacuation from Heimaey. Journal of Applied Volcanology, 15(1). doi:<https://doi.org/10.1186/s13617-026-00159-6>

- Milofsky, C. (2023). *Resilient communities in disasters and emergencies*. Societies, 13(8).
- OECD. (2023). Recommendation of the Council on Building Financial Resilience to Disaster Risks. Sótt frá OECD/Legal/0436: <https://unfccc.int/sites/default/files/resource/OECD%20Recommendation%20on%20Disaster%20Risk%20Financing%20Strategies.pdf>
- Olshansky, R. B. (Ritstj.). (2016). *Urban Planning After Disasters: Critical Concepts in Built Environment*. Routledge.
- Parks, M., Sigmundsson, F., Barsotti, S., Geirsson, H., Vogfjörð, K. S., Ófeigsson, B., & Einarsson, P. (24. febrúar 2024). Tímabil eldvirkni og jarðskorpuhreyfinga á Reykjanesskaganum frá 2019: yfirlit og hættur. Sótt frá Veðurstofa Íslands: <https://www.vedur.is/eldfjoll/eldgos-a-reykjanesi/>
- Pescaroli, G., Suppasri, A., & Galbusera, L. (2024). Progressing the research on systemic risk, cascading disasters, and compound events. *Progress in Disaster Science*, 22, 100319.
- Phillips, B. D., & Mincin, J. (2023). *Disaster recovery*. New York & London: Routledge.
- Rannsóknarnefnd Alþingis. (2025). Málsatvik í tengslum við snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995 - 1. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis samkvæmt ályktun Alþingis 30. apríl 2024.
- Rannsóknarnefnd Alþingis. (2025). Málsatvik í tengslum við snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995 - 2. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis samkvæmt ályktun Alþingis 30. apríl 2024.
- Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, nr. 505. (2000). Sótt frá <https://island.is/reglugerdir/nr/0505-2000>
- Reglugerð um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík nr. 311. (2024). Sótt frá <https://island.is/reglugerdir/nr/0311-2024>
- Shi, L., & Varuzzo, A. (2020). *Surging seas, rising fiscal stress: Exploring municipal fiscal vulnerability to climate change*. *Cities*, 100, 102658.
- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. (2023-2024). Vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231113T132005.html>
- Sigurðardóttir, H., & Möller, E. (2025). *Volcanic Crisis Management in Iceland: Lessons from the November 10, 2023, Evacuation of Grindavík*. *Interdisciplinary Description of Complex Systems*, 23(5), 562-574.
- Skýrsla forsætisráðherra um helstu verkefni stjórnvalda og mat á framtíðarhorfum vegna jarðhræringa og eldsumbrota á Reykjanesskaga. (2024-2025). Þingskjal 331.
- Skýrsla um mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum. (2022-2023). Þingskjal 689. Þjóðaröryggisráð.
- Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins. (21. desember 2024). Sótt frá stjórnarrad.is: <https://www.stjornarradid.is/library/05-Rikisstjorn/Stjornarsattmali-S-C-F-21-desember-2024.pdf>
- Stjórnarráð Íslands. (2016). Skýrsla starfshóps um stofnun hamfarasjóðs. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Sótt frá <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/frettir2/Skyrsla-starfshops-um-stofnun-hamfarasjods-29-jan-2016.pdf>
- Stjórnarráð Íslands. (2023). Náttúruvá - Stöðumal og áskoranir varðandi mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúrvár. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Sótt 13. mars 2026 frá https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/URN/Natturuvar_skyrsla_apr23_STAFR_.pdf
- Svandís Svavarsdóttir. (2023-2024). Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ. Sótt frá <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20240506T154953.html>
- Tinna Þórarinsdóttir, M. J. (2022-005). Tillögur að áhættuviðmiðum fyrir vatnsflóð. Reykjavík: Veðurstofa Íslands. Sótt 20. mars 2026 frá https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2022/VI_2022_005_ahaettuvidmid.pdf
- Veðurstofa Íslands. (17. mars 2026). Kvikuöfnun undir Svartsengi orðin meira en 23 milljónir rúmmetra frá síðasta eldgosí. Sótt 17. mars 2026 frá [vedur.is: https://www.vedur.is/um-vi/frettir/snarpur-skjalfti-i-brennisteinsfjollum-hradara-sig-i-krysuvik-og-aframhaldandi-kvikusofnun-i-svartsengi](https://www.vedur.is/um-vi/frettir/snarpur-skjalfti-i-brennisteinsfjollum-hradara-sig-i-krysuvik-og-aframhaldandi-kvikusofnun-i-svartsengi)
- Þórðardóttir, E. B., Valdimarsdóttir, U. A., Hansdóttir, I., Hauksdóttir, A., Dyregrov, A., Shipherd, J. C., . . . Guðmundsdóttir, B. (2016). *Sixteen--year follow-up of childhood avalanche survivors*. *European Journal of Psychotraumatology*, 7(1), 30995.

